

Frumvarp til laga

um Lánasjóð íslenskra námsmanna.

Athugasemdir og breytingatillögur
við einstakar greinar frumvarpsins.

Alþingi

Erindi nr. B 115 1830

komudagur 2 14 1991

1. gr.

Meginhlutverk Lánasjóðs íslenskra námsmanna er að veita námsmönnum námslán til framhaldsnáms við skóla sem gera sambærilegar kröfur til undirbúningsmenntunar og gerðar eru til háskólanáms hérlendis.

Nemendafélag Tækniskóla Íslands: Við teljum það vafasamt að setja í lög að skilyrði til námslána miðist við stúdentspróf. Þá er verið að þröngva öllum til þess að fara í stúdentspróf og skólakerfið þolir það varla miðað við núverandi kerfi.

Leiklistarskóli Íslands: Við teljum einnig að nauðsynlegt sé að lán séu veitt til sérskólanáms eins og verið hefur.

2. gr.

Lánasjóði er heimilt að veita öðrum námsmönnum námslán en þeim sem falla undir skilgreiningu 1. gr. enda hafi þeir náð 20 ára aldri á því almanaksári sem lán er veitt og stundi sérnám.

Nemendafélag Tækniskóla Íslands: Ef nefndarmenn kynna sér Tækniskóla Íslands, markmið hans og hlutverk, sjá þeir að hér er verið að skera á þann möguleika að iðnaðarmenn geti leitað sér frekari menntunar. Þeir þurfa nú að hefja nám í raungreinadeild skólans og eins og frumvarpið liggur nú fyrir verður þeim það fjárhagslega ókleift. Það er að okkar mati alveg ófært að stangast á við þá stefnu stjórnvalda að hlúa að starfstengdu og stuttu námi s.s. iðnrekstrarfræði, iðnfræði, röntgentækni og meinatækni.

Skólafélag Samvinnuskólans: Lánshæfni sérnáms verði bundið við 20 ára aldur: Samkvæmt okkar upplýsingum var sú ákvörðun tekin á áttunda áratugnum að gera iðnnám lánshæft vegna óska aðila í atvinnulífínu. Flestir þeir viðskiptavinir LÍN sem verða af námslánnum vegna þessa ákvæðis eru í hópi iðnnema.

Nemendafélag Proskabjálfskóla Íslands: Þess eru dæmi að í skólanum hefji nám nemendur undir 20 ára aldri, með tilskilda undirbúningsmenntun og næga starfsreynslu. 20 ára reglan tefur nám þessara nemenda, og sparnaðurinn er í sjálfu sér enginn.

Fósturskóli Íslands: Í 2. gr. frumvarpsins kemur fram að sérnám er ekki lánshæft fyrr en nemandi hefur náð tuttugu ára aldri. Þetta er mjög slæmt varðandi nám í Fósturskóla Íslands, þar sem núverandi inntökuskilyrði kveða á um stúdentspróf eða a.m.k. tveggja ára nám í framhaldsskóla. Nemandi skal ekki vera yngri en 18 ára. Að áliti umsagnaraðila er mjög mikilvægt að nám í Fósturskóla Íslands sé lánshæft í heild. 2. gr. felur í sér að nemendur í fóstrunámi sitja ekki við sama borð hvað lánamöguleika snertir. Rétt er að benda á að mikil þörf er á að fjölga fósturum, þar sem fósturskortur er geigvænlegur. Hætt er við að þessi aldursviðmiðun gæti haft letjandi áhrif á aðsókn að skólanum.

Tækniskóli Íslands: Ekki er fyllilega ljóst af orðalagi 2. gr. hvort réttur nemenda í Frumgreinadeild Tækniskóla Íslands til námslána fellur niður ef greinin verður samþykkt óbreytt. Í þessu sambandi er bent á:

1. Hlutverk deildarinnar fellur undir ákvæði í 3. gr., 5. gr. og 6. gr. reglugerðar nr. 278/1977, sbr. einnig lög nr. 66/1972.
2. Nám í deildinni er skipulagt sem markviss, sérhæfður undirbúningur undir nám í sérgreinadeildum skólans. Það er miðað við, að nemendur hafi áður lokið iðnnámi eða tilsvarendi, og innritun er einnig háð því skilyrði, að umsækjendur hafi starfsréttindi í iðngrein eða hafi aflað sér víðtækrar reynslu í störfum, sem tengjast því námssviði, sem viðkomandi hyggst leggja stund á.
3. Lokapróf frá deildinni, sem nefnist Raungreinadeildarpróf, veitir rétt til að setjast í tæknifræðinám í sérgreinadeildum skólans, svo og í Verkfræðideild Háskóla Íslands. Það veitir ekki sem slíkt aðgöngu að öðrum háskóladeildum, enda er um að ræða sérhæfðan undirbúning undir tækninám, sem á sér ekki beina hliðstæðu annars staðar í skólakerfinu.
4. Meðalaldur þeirra, sem hefja nám í deildinni, er nú 27-28 ár. Stærstur hluti þessa hóps hefði ekki tök á að stunda nám nema eiga kost á námslánnum. Ef þessi hópur ætti þess ekki lengur kost að stunda nám með svipuðum hætti og verið hefur, væri mjög hæfum hópi nemenda orðið ókleift að leggja stund á tækninám. Þegar full ástæða er til að leggja aukna áherslu á tæknimenntun væri þetta mjög óheppilegt. Þar með væri í raun búið að loka fyrir aðgang að hinni hefðbundnu leið í tæknifræðinám hérlendis.
5. Á styttri námsbrautum sérgreinadeilda, iðnfræðinámsbrautum, er innifalið nokkuð af greinum frumgreinadeildar, sem þannig eru orðnar hluti af sérnámi þeirra deilda. Af hálfu Tækniskólans er litið svo á, að hér sé um sérnám að ræða, sbr. það sem sagt er hér að framan, og að viðkomandi nemendur ættu samkvæmt því að eiga rétt á námslánnum eins og verið hefur til þessa. Um þetta þarf þó skýrara orðalag, hvort sem slíkt ætti að koma fram í sjálfum lagatextanum eða í þeim reglum sem stjórn sjóðsins er ætlað að setja sbr. 5. gr. frumvarpsins.

Landssamband iðnaðarmanna: Það veldur verulegum áhyggjum, ef tillagan um 20 ára lágmarksaldur þeirra sem verða lánshæfir, nær fram að ganga, því hún mun fyrst og fremst bitna á iðnnemum. Það er kunnara en frá þurfi að segja, að verknám hefur átt undir högg að sækja hér á landi af ýmsum ástæðum. Það er einnig álit margra sem um fræðslumálefni fjalla, að mjög æskilegt væri að fleiri ungmenni fari svokallaðar verknámsleiðir í viðleitni sinni til að afla sér menntunar. Margvísleg rök, sem bæði lúta að samkeppnishæfni þjóðfélagsins og „velferð“ nemanna sjálfra, má tína til, til þess að renna stoðum undir þessa skoðun. Þar sem flestir, sem leggja fyrir sig iðnnám, stunda námið áður en tvítugsaldri er náð myndi lögfesting 20 ára reglunnar, að dómi Landssambands iðnaðarmanna, tvímælalaust draga úr vilja ungs fólks til að afla sér iðnmenntunar, og þar með hafa áhrif á val manna til sérnáms. Með ofangreint í huga, og enn fremur að um lítið fjárhagslegt atriði er að ræða fyrir sjóðinn (þegar til lengri tíma er litið), leggur Landssamband iðnaðarmanna til, að breyting verði gerð á 2. gr. frumvarpsins og hún hljóði svo:

„Lánasjóði er heimilt að veita öðrum námsmönnum námslán en þeim, sem falla undir skilgreiningu 1. gr. enda hafi þeir náð 20 ára aldri á því almanaksári, sem lán er veitt eða stundi fullt nám í löggiltri iðngrein eða annað sérnám, sem nánar er skilgreint í reglugerð.“

Hugsunin sem hér býr að baki er sú, að 20 ára reglan sé lögleidd sem almenn regla, en heimilt sé að víkja frá henni, þegar um nám í löggiltri iðngrein og sérstaklega skilgreindu sérnámi er að ræða. Stjórn Landssambandsins telur að með því að stjórn sjóðsins fær nú

rýmri heimild en áður til þess að binda útborgun lánanna við framvindu náms (sbr. 6. gr.), verði engin töljandi hætta á misnotkun þessarar undantekningar frá 20 ára reglunni.

BHMR: Skilyrði um 20 ára lágmarksaldur þeirra sem fá lán úr sjóðnum fækkar til muna þeim sem eiga rétt til lána á framhalds- og sérskólastigi. Þessi breyting kemur sjálfsgagt harðast niður á námsmönnum úr dreifbýli og þeim sem ætla að stunda iðnnám. BHMR getur ekki séð réttlætingu á þessari lagabreytingu.

Sjómannaskólinn og Vélskólinn: Skólastjórar álíta þær breytingar sem settar eru fram í 1. og 2. gr. frumvarpsins muni, miðað við núgildandi lög, valda því að færri nemendur sækja vélstjórnar- og skipstjórnarnám. Í núgildandi lögum fái nemendur sjómannaskólanna námslán um leið og þeir eru innritaðir í vélstjórnar- og skipstjórnarnám. Staðgóð menntun og nægur fjöldi vel menntaðra manna í þessum greinum skipti höfuðmáli í sjávarútvegi og siglingum auk framboðs tæknimenntaðra manna til stjórnunar í vatnsvirkjunum, frystihúsum og járníðnaði. Enn fremur álíta þeir hættu á að fyrrnefndar greinar frumvarpsins valdi því að margir freistist til þess að hefja ekki nám fyrr en þeir hafa náð tuttugu ára aldri og komi þar af leiðandi seinna út á vinnumarkaðinn að loknu námi. Í heild sýnist undirrituðum skólastjórum að fyrrnefnd breyting á Lánasjóði íslenskra námsmanna vinni gegn þeirri yfirlýsingu sem stjórnarmálameð hafa gefið að stuðla beri að aukinni aðsókn í sérnám og iðnnám fremur en í langt háskólanám. Óskað er því eftir að í lögum verði tekið skýrt fram að nemendur í vélstjórnar- og skipstjórnarnámi hafi, eins og verið hefur, fullan aðgang að Lánasjóði íslenskra námsmanna án tillits til aldurs.

Samband iðnmenntaskóla: Í 2. gr. frumvarpsins er kveðið á um að námsmenn þurfi að hafa náð „20 ára aldri á því almanaksári sem lán eru veitt.“ Í athugasemdum um 2. gr. frumvarpsins segir m.a.: „Ástæða þessarar breytingar er sú að margt sérnám, t.d. iðnnám, hefur færst inn í fjölbrautaskólana, sem liður í námi til stúdentsprófs, en ekki er lánað til slíks náms.“ Stjórn Sambands iðnmenntaskóla telur augljóst að ofangreind ákvæði frumvarpsins, nái þau fram að ganga muni letja ungt fólk til starfsnáms. Hætt er við að margir þeir sem að óbreyttu hefðu hug á að stunda starfsnám myndu fresta því að hefja nám þar til ofangreindu aldursmarki væri náð og þá jafnvel af þeim sökum aldrei hefja námið. Stjórn Sambands iðnmenntaskóla telur að þetta sé andstætt yfirlýstri stefnu stjórnvalda og leggur því til að 2. gr. frumvarpsins verði felld niður.

ASÍ: Miðstjórn leggur þunga áherslu á að verknámi og bóknámi sé gert jafnhátt undir höfði. Miðstjórn leggst gegn breytingum í þá veru að lánshæfni til sérnáms miðist við 20 ára aldur. Varðandi rökstuðning um þetta atriði vísast til umsagnar Iðnnemasambands Íslands.

Iðnnemasamband Íslands: Hætt verði að lána til sérnáms, sem ekki er á háskólastigi, nema lánþegi verði 20 ára á því almanaksári sem lánið er veitt: Til að átta sig á því hvaða áhrif þessi breyting kemur til með að hafa er nauðsynlegt að skoða samsetningu þess hóps sem fellur út af námslánum við þessa breytingu. Í núgildandi lögum er það svo að flest allt sérnám og nám í löggiltum iðngreinum er lánshæft samkvæmt almennu reglunni. Það er þó þannig með iðnnám að grunndeildir iðnnáms, þ.e. fyrsta námsárið, er einungis lánshæft nái námsmaður 20 ára aldri á almanaksárinu. Þegar komið er í framhaldsdeildir iðnnáms gildir þessi 20 ára regla ekki lengur. Röksemdarfærsla þeirra sem talað hafa fyrir þessari breytingu er á þann veg að þar sem hægt sé að leggja stund á iðnnám í fjölbrautarskólum þá sé ósanngjarnt að sá sem er í iðnnámi eigi rétt á námsláni en ekki sá sem er í bóknámi. Einnig hefur verið bent á að þetta sé misnotað þannig að iðnnemar sem séu á námslánum taki almennt nám með iðnnáminu og snúi þannig á kerfið. Hvað varðar þessa

röksemdarfærslu þá er því til að svara að stóri munurinn á iðnnámi og bóknámi í framhaldsskóla er sá að iðnnám er starfsgreinánám. Því lýkur með prófi sem veitir ákveðin starfsréttindi og að loknu iðnnámi tekur við þátttaka í atvinnulífínu. Almenna bóknámið, eða stúdentsprófið, er hins vegar fyrst og fremst farmiði í áframhaldandi nám, sem er þá lánshæf í langflestum tilvikum. Það er mikill misskilningur hjá þeim sem halda að þeir sem eru í iðnnámi geti verið í öðru námi með. Iðnnám er fullt nám og í mörgum greinum er tímafjöldi í iðnnámi mun meiri en gerist í almennu bóknámi í framhaldsskóla. Í rafeindavirkjun, þar sem er að finna stærstan hóp lánþega undir 20 ára aldri, er námið 161 eining á 7 önnum. Til samanburðar er nám til stúdentsprófs 140 einingar á 8 önnum. Sú röksemdarfærsla sem að framan var nefnd stenst því ekki að mati Iðnnemasambandsins. Ef litið er á hver samsetning þess hóps er sem fellur undir þessar breytingar og var á námslánum skólaárið 1990-1991 og yfirstandandi skólaár þá er niðurstaðan þessi: Skólaárið 1990-1991 fengu 286 námsmenn sem fæddur voru 1972 eða seinna og lögðu stund á nám á Íslandi námslán, erlendis var fjöldinn 16. Skipting þeirra sem voru í námi á Íslandi eftir námsgreinum og skólum var eftirfarandi:

(Skiptingin kemur fram í umsögn.)

Í greinargerð með frumvarpinu er talað um 320 einstaklinga sem þessi breyting myndi hafa áhrif á. Þessi tala virðist vera gripin úr lausu lofti, allavega á hún ekki við um seinasta skólaár og því síður það yfirstandandi. Iðnnemasamband Íslands leggst alfarið gegn þessari breytingu. Verði hún gerð er um mikla stefnubreytingu að ræða. Það er þá fráhrarf frá þeirri stefnu sem mótuð var fyrir um einum áratug síðan og miðað að því að hvetja ungt fólk til að velja iðn- og verknám, en eins og fram kemur í upplýsingum frá LÍN þá myndi þessi breyting bitna nær eingöngu á þeim sem leggja stund á nám í iðn- og verknámsgreinum. Til að koma í veg fyrir þær breytingar sem fyrirhugað er að gera á námslánakerfinu bitni verr á iðnnemum en öðrum námsmönnum leggur Iðnnemasambandið til að 2. gr. laganna verði svohljóðandi:

„Lánasjóði er heimilt að veita öðrum námsmönnum námslán en þeim sem falla undir skilgreiningu 1. gr. enda stundi þeir fullt nám í löggilttri iðngrein eða leggi stund á sérnám.“

Samstarfsnefnd námsmannahreyfinganna: Lánshæfni sérnáms sem ekki er á háskólastigi verði bundin við 20 ára aldur: Þessi tillaga kemur mjög á óvart vegna orða menntamálaráðherra um að hlúa þyrfti sérstaklega að stuttu starfstengdu námi, frekar en að hvetja nemendur enn frekar en orðið er til langskólanáms. Þegar reynt er að meta hvaða áhrif þessi tillaga gæti haft er nauðsynlegt að gera sér grein fyrir samsetningu þess hóps viðskiptavina LÍN sem eru undir tuttugu ára aldri. Meirihluti þessa hóps leggur stund á iðnnám. Hér er því reynt að beina ungu fólki frekar inn á bóknáms- en verknámsbrautir. Sú ákvörðun sem tekin var á áttunda áratugnum að gera iðnnám lánshæft kom til ekki síst vegna þrýstings frá atvinnulífínu. Þær forsendur hafa ekkert breyst. Það verður einnig að teljast athyglisverður fyrirvari sem nefndin setur um 20 ára aldursmarkið, þ.e. viðmiðun við stúdentsprófsaldur. Með þessari athugasemd kemur skýrt í ljós að nefndin virðist fyrst og fremst sjá námslánakerfið í beinum tengslum við nám að loknu stúdentsprófi. Námsmenn hafna því að iðn- og verknám sé á þennan hátt sett á annan stall en bóknám, nær væri að standa vörð um og efla iðn- og verkmenntun á Íslandi.

Aukið valdframsal: Samkvæmt greininni er stjórn heimilt að lána til annars náms en þess sem tiltekið er í 1. grein. Stjórnin er hins vegar ekki skylduð til þess að neinu leyti. Þetta er veigamikil breyting frá núgildandi lögum, þar sem segir að nemendur tiltekinna skóla eða einstakir árgangar þeirra **skuli** njóta námsaðstoðar samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð. Hér er því verið að auka enn frekar á óöryggi þess fólks sem leggur stund á sérnám sem ekki telst á háskólastigi, hvort heldur er á Íslandi eða erlendis. Þetta er gert þvert gegn þeirri kröfu námsmannahreyfinganna að réttur nema í sérnámi fái sambærilega

viðurkenningu og gildir varðandi nemendur í skólum á háskólastigi.

Leiklistarskóli Íslands: Við leggjum til að 2. grein verði felld niður. Inngönguskilyrði í Leiklistarskóla Íslands eru að umsækjandi sé 19 ára. Námið er mjög erfitt og nemendum því óheimilt að vinna með námi, umsækjendur þurfa að hafa staðist strangt inntökupróf sem um það bil 10% umsækjenda standast. Það væri mjög miður ef það yrði síðan niðurstaðan að umsækjandinn hefði ekki tök á því að stunda námið vegna fjárhagsaðstæðna. Ég tel mjög mikilvægt að menntayfirvöld og einstakir skólar meti sjálfir út frá þörfum hverrar starfsgreinar hvaða skilyrði nemendur þurfi að uppfylla til að hljóta skólavist og að lánasjóðskerfið taki mið af því. Rétt er líka í þessu sambandi að vekja athygli á því, að heldur virðist nú stefnt að því að starfsmenntun hefjist fyrr en síðar og þá nauðsynlegt að ekki hafi verið sett lög sem hindri eða tefji slíka þróun.

BSRB: Stjórn BSRB er mótfallin þeirri breytingu sem í frumvarpinu felst að hætt verði að lána til sérnáms, sem ekki er á háskólastigi, nema lánþegi verði 20 ára á því almanaksári sem lán er veitt. Með þessu ákvæði er iðnnámi ekki gert jafnhátt undir höfði og bóknámi þar sem meirihluti lánþega undir tvítugu hjá LÍN leggur stund á iðnnám. Eins og málin standa er það út í hött að leggja stein í götu þeirra sem vilja leggja fyrir sig slíkt nám. Skal áréttað í þessu sambandi að verkalýðshreyfingin hefur jafnan lagt áherslu á að stuðla að aukinni verk- og starfsmenntun.

Tæknifræðingafélag Íslands: Stjórnin mælir gegn þeirri breytingu sem lögð er til með 2. gr. frumvarpsins og hefur þá í huga nám við undirbúnings- og raungreinadeild Tækniskóla Íslands. Algengt er að þeir sem lokið hafa iðnnámi fari í tæknifræðinámi, en áður en til sjálfs tæknifræðinámsins kemur þurfa iðnaðarmenn að taka undirbúnings- og raungreinadeild. Þessir nemendur eru oftast talsvert yfir tvítugu og eiga fyrir fjölskyldum að sjá. Sú tilhögun sem lögð er til í frumvarpinu yrði væntanlega til þess að umræddir aðilar nytu ekki námslána við upphaf tæknifræðinámsins og gegn því leyfir stjórn Tæknifræðingafélags Íslands sér að mæla með ósk um lagfæringu.

Nemendafélag Verkmenntaskóla Austurlands: Varðandi ákvæði um nema undir 20 ára aldri í sérnámi, teljum við rétt að heimilt verði að veita námslán þeim er stunda fullt nám í löggiltri iðngrein eða leggja stund á sérnám, þó þeir hafi ekki náð 20 ára aldri.

Háskólinn á Akureyri: Hæpið er að hætta við lán til sérnáms þótt það sé ekki á háskólastigi. Líta verður á þjóðhagslega hagkvæmni og einstaklingshag fremur en hvort um er að ræða háskólanám eða ekki.

3. gr.

Miða skal við að námslán samkvæmt lögum þessum nægi hverjum námsmanni til að standa straum af náms- og framfærslukostnaði meðan á námi stendur.

Stjórn sjóðsins er heimilt að taka tillit til annarra atriða er áhrif kunna að hafa á fjárhagsstöðu námsmanns.

Stjórn sjóðsins setur nánari ákvæði um úthlutun námslána.

Samband ungra jafnaðarmanna: Áfram verði í lögnum tillit tekið til félagslegra aðstæðna, svo sem barnafjölda o.s.frv.

Háskóli Íslands: Viðmiðun í stað skyldu. Áður stóð á þessum stað í lögnum orðalagið „stefnt skal að ...“ en því var breytt í núverandi horf með lögnum frá 1982 („... skal

nægja ...“). Ástæðulaust virðist að hverfa aftur til ótryggara og óljósara orðalags sem á síður heima í lögum frá lögfræðilegu sjónarmiði.

Tillit til aðstæðna. Eins og fyrr segir er auðvelt að minnka **verulega** fjárförf Lánasjóðs með því að taka tillit til tekna námsmanns í leyfum og með námi, þó að þessu tilliti sé haldið innan skynsamlegra marka. Er þá til dæmis átt við að dregin séu frá námsláni 50% af tekjum umfram eitthvert mark sem tengist framfærslukostnaði í leyfum. Með slíkri reglu væri ekki dregið að marki úr hvatningu til vinnu. Af þessum ástæðum er það **hagsmunamál bæði Lánasjóðs og ríkissjóðs** að kveðið sé á um þetta tillit í lögnum en það ekki lagt í vald sjóðstjórnar. Með því að taka hæfilegt og skynsamlegt tillit til fjölskylduaðstæðna er að sjálfsögðu stuðlað að betri nýtingu námsaðstoðar. Tillit til framfæris maka opnar möguleika á að taka einnig tillit til tekna hans. Útkoman úr heildardæminu er algerlega undir því komin hvernig tilliti til fjölskylduaðstæðna er hagað, og er t.d. vandalaust að gera það þannig að heildarfjárförf sjóðsins aukist ekki. Að öllu samanlögðu verður því ekki betur séð en tillaga Péturs P. Óskarssonar fulltrúa námsmanna um óbreytta 3. grein laganna **tryggi hag Lánasjóðsins betur** en tillaga meirihluta nefndarinnar sem gekk frá frumvarpinu.

Nemendafélag Fósturskóla Íslands: Við teljum mjög varhugavert að leggja það alfarið í hendur stjórnar LÍN, hvort tekið verður tillit til félagslegra aðstæðna umsækjanda. Þarna er um að ræða atriði sem getur ráðið úrslitum um það hvort barnafólki er kleift að stunda nám.

BHMR: Í gildandi lögum eru ákvæði um **grundvöll námsaðstoðar LÍN**. Nú er gert ráð fyrir að stjórn LÍN setji sér starfsreglur um það efni (3. gr.). Þetta þýðir í reynd að sjóðsstjórn hefur í hendi sér hvort hún tekur tillit til fjölskylduaðstæðna námsmanna o.þ.h. Slík ákvörðun er samfélagslega mikilvæg og ætti að vera Alþingis en ekki eftirlátni starfsstjórn LÍN. BHMR er þeirrar skoðunar að taka beri tillit til aðstæðna námsmanna, s.s. fjölskyldu- og búsetuaðstæðna.

Iðnnemasamband Íslands: Varðandi 3. grein leggur Iðnnemasambandið áherslu á að nauðsynlegt er að binda í lög hvað atriða stjórn sjóðsins á að taka tillit til þegar framfærslukostnaður námsmanns er ákveðinn. Það hlýtur að teljast eðlilegt að löggjafinn festi það í lög um LÍN ef taka á tillit til fjölskyldustærðar og eða búsetu við ákvörðun námslána til einstaklinga. Í greinargerðinni með frumvarpinu er tekið fram að ekki sé stefnt að neinum verulegum breytingum á útlánum sjóðsins. Sé það rétt þá hlýtur að vera eðlilegt að 1. mgr. 3. gr. núgildandi laga verði látin standa að mestu óbreytt. En hún er svohljóðandi:

„Opinber aðstoð við námsmenn skv. lögum þessum skal nægja hverjum námsmanni til að standa straum af eðlilegum náms- og framfærslukostnaði þegar eðlilegt tillit hefur verið tekið til fjölskyldustærðar, framfærslukostnaðar þar sem nám er stundað, tekna námsmanns og maka hans, lengdar árlegs námstíma og annarra atriða er áhrif kunna að hafa á fjárhagsaðstöðu námsmanns. Nánari ákvæði um úthlutun námslána og styrkja skulu sett í reglugerð.“

Samstarfsnefnd námsmannahreyfinganna: Aukið valdframsal. Sjóðsstjórn er falið það vald að ákveða til hvaða þátta beri að taka tillit þegar framfærsla námsmanns er ákvörðuð. Stjórninni er þannig í sjálfvald sett að hvaða leyti hún tekur tillit til þátta s.s. fjölskyldustærðar, tekna, lengdar árlegs námstíma o.s.frv., eða hvort yfir höfuð skuli taka tillit til þessara þátta. Hér er um algjört grundvallaratriði að ræða varðandi hlutverk Lánasjóðsins sem félagslegur jöfnunarsjóður er tryggja á fólki jafnan rétt til náms. Námsmannahreyfingarnar leggja á það ofuráherslu að þeir þættir sem taka á tillit til við

ákvörðun framfærslu verði skilgreindir í lögum og telja með öllu ófært að stjórn sjóðsins fari með þetta vald á hverjum tíma samkvæmt eigin geðþótta.

Háskóli Íslands, háskólaráð: Ráðið mælir með því að áfram verði tekið tillit til tekna námsmanna þegar fjárhagsaðstoð er veitt. Að öðrum kosti getur veist erfitt að sinna þeim sem mest þurfa á aðstoð að halda.

Upphaf 3. gr.: Orðalag fyrstu mgr. er of óákveðið. Mælt er með óbreyttu orðalagi frá gildandi lögum.

BHM: Verði fyrirliggjandi frumvarp að lögum mun stjórn Lánasjóðs Íslenskra námsmanna fá stórlega aukin völd miðað við þau völd sem hún hefur í gildandi lögum. Bandalag háskólamanna telur nauðsynlegt að sem flestir þættir varðandi námsaðstoð verði bundnir í lögum og reglugerðum. Annað fyrirkomulag kallar á hvers kyns ósamræmi og fyrirvaralausar breytingar á starfsháttum.

Nemendafélag Verkmenntaskóla Austurlands: Stjórn sjóðsins er ætluð mun meiri völd en hún hefur í dag. Augljós afleiðing þessa er aukin óvissa námsmanna um sín kjör og óstöðugleiki til lengri tíma litið. Sem dæmi væri stjórn sjóðsins heimilt skv. frumvarpinu að líta algjörlega framhjá öllu félagslegu tilliti við ákvörðun á framfærslu námsmanna og úthluta þannig öllum námsmönnum sömu lánsupphæð burtséð frá aðstæðum. Þá má benda á mikilvægi ferðastyrkja til að jafna aðstöðu miðað við búsetu.

4. gr.

Ráðherra skipar stjórn sjóðsins þannig: Einn samkvæmt tilnefningu stúdentaráðs Háskóla Íslands, einn samkvæmt tilnefningu Sambands íslenskra námsmanna erlendis, einn samkvæmt tilnefningu Bandalags íslenskra sérskólanema, einn samkvæmt tilnefningu fjármálaráðherra og tvo án tilnefningar og skal annar þeirra vera formaður stjórnar en hinn varaformaður.

Stjórnin skal skipuð til tveggja ára í senn. Skipunartími fulltrúa menntamálaráðherra og fjármálaráðherra skal þó takmarkaður við embættistíma þeirra ráðherra sem skipuðu þá eða tilnefndu sitji þeir skemur. Varamenn í stjórn sjóðsins skulu skipaðir með sama hætti og til jafnlangs tíma.

Verði atkvæði jöfn við afgreiðslu mála í stjórn sjóðsins sker atkvæði formanns úr.

Ráðherra ræður framkvæmdastjóra til fjögurra ára í senn að fengnum tillögum sjóðstjórnar. Framkvæmdastjóri ræður annað starfsfólk með samþykki sjóðstjórnar að fenginni heimild ráðuneytisins, sbr. ákvæði laga nr. 97/1974.

Háskóli Íslands: Fyrir á árum átti fulltrúi Háskólans sæti í stjórn Lánasjóðs en því mun hafa verið breytt árið 1976. Ýmislegt í reynslu síðustu ára mælir með því að fulltrúi faglegra sjónarmiða á háskólastigi eigi aðild að sjóðstjórn. Tilnefningu mætti fela samstarfsnefnd háskólastigsins sem hefur nú starfað í nokkur ár.

Landssamband iðnaðarmanna: Stjórn Landssambandsins telur eðlilegt að sjónarmið iðnfræðslunnar verði aukin innan stjórnar sjóðsins með því að Iðnnemasamband Íslands fái fulltrúa í stjórninni.

Iðnnemasamband Íslands: Í þessari grein er fjallað um samsetningu stjórnar LÍN. En hún á að vera óbreytt. Iðnnemasambandið leggst gegn óbreyttri skipan stjórnar á þeirri forsendu að Iðnnemasamband Íslands eru einu heildarsamtök námsmanna sem eiga skjólstæðinga hjá

LÍN en eiga ekki fulltrúa í stjórn sjóðsins. Í raun er það svo að iðn- og verknám á engan fulltrúa innan stjórnar LÍN. Það hefur marg oft sýnt sig að vanþekking stjórnarmanna á uppbyggingu og sérstöðu iðnnáms á Íslandi hefur leitt til þess að iðnnemar hafa fengið verri afgreiðslu innan sjóðsstjórnar en tilefni hefur verið til. Sá misskilningur hefur verið ríkjandi að fulltrúi BÍSN sé einnig fulltrúi iðnnema í stjórn LÍN. Í þessu sambandi er rétt að taka það skýrt fram að það eru engir iðnnemar innan BÍSN og þau samtök eru ekki hagsmunasamtök iðn- og verknámsnemenda. Á yfirstandandi ári eru 1341 félagi í Iðnnemasambandi Íslands á námslánnum. Það verður ekki séð að með neinum rökum sé hægt að halda iðn- og verknámsnemendum frá því að eiga sinn fulltrúa í stjórn LÍN. Sem einu hagsmunasamtök iðn- og verknámsnemenda á Íslandi gerir Iðnnemasamband Íslands þá kröfu að það fái fulltrúa í stjórn LÍN til jafns á við aðrar námsmannahreyfingar. Til upplýsingar þykir rétt að láta það koma fram að Iðnnemasamband Íslands var stofnað 1944 og hefur haldið úti samfelldu starfi í þágu félagsmanna sinna allt frá stofnun. Iðnnemasambandið er einnig viðurkennt af hinu opinbera sem fulltrúi iðn- og verknámsnemenda og má í því sambandi benda á að Iðnnemasambandið á fulltrúa í iðnfræðsluráði, sem er menntamálaráðherra til ráðgjafar um framkvæmd iðnfræðslumála.

ASÍ: Miðstjórn telur eðlilegt að Iðnnemasamband Íslands fái fulltrúa í stjórn Lánasjóðsins. Á þann hátt væri mikilvægi iðnnáms undirstrikað.

Háskóli Íslands, háskólaráð: Fyrsta málsgrein 4. gr. endi svo: „...einn skv. tilnefningu fjármálaráðherra, einn skv. tilnefningu Háskóla Íslands og einn án tilnefningar og skal hann vera formaður stjórnar“.

Háskólaráð bendir á að Háskóli Íslands er sá skóli þar sem stærsti stúdentahópurinn er (rúml. fimm þúsund stúdentar). Eðlilegt verður að teljast að háskólayfirvöld eigi fulltrúa í stjórn sjóðsins.

Háskólinn á Akureyri: Lagt er til að Samstarfsnefnd háskólastigsins tilnefni fulltrúa í stjórn LÍN.

6. gr.

Námslán skal aldrei veitt fyrr en námsmaður hefur skilað vottorði um tilskilda skólasókn og námsárangur.

Námsmaður skal að jafnaði hafa heimild til að taka lán á hverju missiri meðan hann er við nám, þó ekki lengur en hæfilegur námstími er talinn í þeirri grein og í þeim skóla þar sem nám er stundað.

Námslán skal ekki veitt nema námsframvinda sé með eðlilegum hætti.

Námsmenn, sem fá lán úr sjóðnum, skulu undirrita skuldabréf við lántöku og leggja fram yfirlýsingu tveggja manna um að þeir taki að sér sjálfskuldarábyrgð á endurgreiðslu lánsins ásamt vöxtum og verðtryggingu þess.

Stjórn sjóðsins ákveður hvaða skilyrðum lántakendur og ábyrgðarmenn skuli fullnægja. Ábyrgð ábyrgðarmanns, eins eða beggja, getur fallið niður enda setji námsmaður aðra tryggingu sem stjórn sjóðsins metur fullnægjandi.

Stjórn sjóðsins er heimilt að innheimta lántökujöld af veittum lánnum.

Nemendafélag Tækniskóla Íslands:

Námsárangur: Við lýsum undrun okkar á því að það sé í frumvarpi þessu að námslán eigi að greiðast út eftir að námsárangur liggi fyrir. Verður þetta til þess að námsmenn verða að þiggja almenn lán í bankakerfinu sem síðan greiðast niður þegar námslánið greiðist. Mun þetta hafa í för með sér mikinn vaxtakostnað fyrir námsmenn sem skerðir framfærslu

þeirra. Við vitum að í sumum skólum mun þetta valda miklum erfiðleikum vegna þess t.d. að próf eru aðeins tekin einu sinni á ári (Söngskólinn) og í öðrum liggja prófurlausnir ekki fyrir fyrir en löngu eftir að prófið var þreytt (Háskóli Íslands).

Fjölgun ábyrgðarmanna teljum við ekki nauðsyn. Frekar væri að herða kröfur til ábyrgðarmannsins sem fyrir er. Mjög eðlilegt væri að kanna hvort viðkomandi sé á vanskilaskrá og gera á kröfu um að ábyrgðamaður sé ekki maki.

Innheimta á lántökugjöldum af skuldabréfum er nýlunda og er það of mikið í einu að innheimta lántökugjöld og vexti af sama láninu. Finnst okkur það út í hött að leggja bæði þessi gjöld á í einu en við getum samþykkt annað hvort að hóflegu marki.

Skólafélag Samvinnuháskólans:

Lántökugjöld til að greiða rekstrarkostnað: Kostnaðarálagi í formi lántökugjalds má líkja við vexti, sem við erum líka á móti.

Námsárangur: Þetta ákvæði lýsir því vel hve illa ígrundað frumvarpið er. Þessi klausa, verði hún að lögum, hefur í för með sér að námsmenn þurfa að snúa sér til almennra lánastofnana með fyrirgreiðslu. Lætur nærri að kostnaður við fjármögnun af því tagi yfir eitt misseri sé um 10% af lásupphæð. Hér er því verið að leggja það til að beita flötum niðurskurði upp á 10% á öll lán til námsmanna. Þetta er fráleitt.

Ábyrgðarmenn: Skólafélag Samvinnuháskólans styður að ábyrgðarmenn á skuldabréfum verði tveir og auknar kröfur verði gerðar til þeirra.

Tækniskóli Íslands:

Um 1. mgr.: Útgáfa vottorða um tilskilda skólasókn er ekki framkvæmanleg í Tækniskólanum og ber tvennt til: Í fyrsta lagi er tímasókn frjálts nema í vissum verklegum æfingum, en hins vegar gildir skilaskylda, sem tengd er próftökurétti. Í öðru lagi þyrfti slík vottorðaútgáfa að fara fram á þeim árstímum, sem annir hjá skrifstofu og deildarstjórum eru í hámarki, og væri ókleift að bæta þeirri vinnu á starfslið skólans.

Um 2. mgr.: Ekki er ljóst af orðalagi hvernig skilgreina á hæfilegan námstíma, eða hverjum er ætlað að gera það. Bent er á, að við ýmsa háskóla erlendis er s.k. „normeraður námstími“ áætlaður þannig að einungis örfáum nemendum tekst að ljúka námi á þeim tíma. Við Tækniskólann er námstími, sem talið er að taki að ljúka tiltekinni námsgráðu, gefinn upp sem stysti mögulegi námstími.

Um 3. mgr.: Hér þarf, annað hvort í sjálfum lagatextanum, í reglugerð eða í reglum um úthlutun námslána, að koma nákvæmari skilgreining á því, hvað telst eðlileg námsframvinda.

Að öðru leyti er ekki talin ástæða til að gera efnislegar athugasemdir við innihald frumvarpsins.

Háskóli Íslands: Í gildandi lögum er áskilið að fyrsta námsaðstoð skuli ekki veitt fyrir en námsmaður hefur skilað vottorði um tilskilda skólasókn og námsárangur. Þetta er gert vegna þess að vitað er að á fyrsta námsári ræðst oft og tíðum hvort námsmaður hefur tók á viðkomandi námi og festist við það. Eftir að námsmaður hefur sýnt að hann hefur náð þessum tókum er á hinn bóginn engin ástæða til annars en veita honum aðstoð undanbragðalaust með svipuðu fyrirkomulagi og fólki sem skilar vinnu sinni eru greidd laun. Ákvæði 1. mgr. 6. gr. í frumvarpinu mundi hins vegar leiða til þess að námsmenn almennt fengju námslán ekki greidd fyrir en hálfu til einu ári eftir að vinnan er unnin. Er varla ætlandi annað en að þetta sé byggt á einhverjum misskilningi.

Nemendafélag Þroskaþjálfaskóla Íslands: Óhagræðing og aukakostnaður leggst á námsmenn, þar sem nemendur munu aldrei fá greidd lán fyrir en eftir að sýnt hefur verið fram á fullnægjandi námsárangur.

BHMR: Lán verða bundin við námsárangur allan námstímann en áður miðaðist þetta aðeins við fyrsta árs nema (6. gr.). BHMR telur mikilvægt að gefa námsárangri gaum en það sýnist vera mikið harðræði að greiða námsmönnum aldrei út lán fyrr en þeir hafa sýnt tiltekinn námsárangur, sem þýðir að námsmenn eru alltaf með ár undir í lausafjármögnun. Sérstaklega kemur þetta hart niður á þeim sem eru að hefja nám, fyrsta árs nemum. Í raun þýðir þetta að lánsfjármögnuninni er velt í ríkari mæli yfir á námsmennina sjálfa sem bæði kostar þá meira fé og álag. Þekkt er að slíkt hefur jafnan neikvæð áhrif á námsárangur.

Kennslustjóri og námsráðgjafi Kennaraháskóla Íslands: Í 6. gr. stendur: „Námslán skal ekki veitt nema námsframvinda sé með eðlilegum hætti“. Þetta þarfnast nánari skýringar og ugglaut breytingar sbr. sérálit námsmanna sem fylgir með frumvarpinu. Í reglugerð um KHÍ kemur fram sú regla um tímamörk náms að námi í tiltekinni skor skuli lokið innan tíma sem er 50 af hundraði lengri en sá tími sem gert er ráð fyrir í námsskrá og kennsluskrá. Fjögurra ára námi til B.Ed. gráðu má því ljúka á 6 árum. Það þýðir að meðaltali 10 ein. á misseri eða 75% af því sem skipulag KHÍ gerir ráð fyrir. Þessi sveigjanleiki er ákaflega mikilvægur fyrir stóran hóp kennaranema þar á meðal ungar konur sem eru að fæða og/eða annast börn. Hvergi í frumvarpinu er fjallað um undanþágur frá fullu námi vegna veikinda eða barnsburðar.

Iðnnemasamband Íslands:

Lántökugjöld: Iðnnemasamband Íslands mótmælir þeirri hugmynd að sjóðnum verði heimilt að innheimta lántökugjöld til þess að greiða reksturskostnað. Þessi gjöld munu verða dregin af láninu og mun því einungis verða skerðing á framfærslunni sem gjöldunum nemur. Líklegt verður einnig að teljast að krafa verði ávallt uppi um að lántökugjaldinu verði bætt ofan á lánsupphæðina.

Námsárangur: Sú hugmynd að námsaðstoð verði aldrei greidd út fyrr en sýnt hefur verið fram á námsárangur er gersamlega óaðgengileg að mati Iðnnemasambandsins. Gert er ráð fyrir því að námsmenn framfleyti sér á almennum bankalánnum á meðan á námstíma stendur, en fái síðan námslán eftir að hafa lokið prófum fyrir önnina eða námsárið. Með þessari breytingu er verið að setja markaðsvexti á námslán á meðan á námstíma stendur. Þessi breyting ein og sér mun hafa víðtækari og alvarlegri afleiðingar á jafna námsmöguleika en allar hinar breytingarnar samanlagt. Iðnnemasambandið krefst þess að fallið verði frá þessari breytingu.

Samstarfsnefnd námsmannahreyfinganna:

Lántökugjöld: Námsmannahreyfingarnar hafna alfarið hugmyndum um lántökugjöld, en telja hins vegar ekki óeðlilegt að innheimta gjald vegna kostnaðar við útsendingu greiðsluseðla. Hér er á ferðinni hugmynd sem hefur þann tilgang að velja kostnaði við rekstur sjóðsins yfir á námsmenn. Kostnaðarálagi í formi lántökugjalds má líkja við vexti á lánin. Afstaða námsmanna til vaxta er komin fram.

Ábyrgðarmenn: Það er ljóst að út frá þeim hugmyndum sem koma fram í skýrslunni er verið að tala um tvöfalda þá greiðslubyrði sem nú er á námslánum. Námsmönnum er það því til efs að auðvelt verði að fá aðstandendur til að ábyrgjast greiðslur sem sýnt er að verði svo miklar. Hins vegar má benda á að hlutur eins og að ábyrgðarmaður skuli ekki vera á vanskilaskrá banka er svo sjálfsagður að furðu sætir að sá háttur skuli ekki hafður á nú þegar.

Námsárangur: Hér er á ferðinni svo fráleit hugmynd að furðu sætir. Nái hún fram að ganga þýðir hún í raun ekkert annað en u.þ.b. 10% flata skerðingu á námslánum. Ástæða þess er sú að þetta fyrirkomulag gæfi námsmönnum þann kost einan að leita á náðir almennra lánastofnana með fyrirgreiðslu þar til lán fæst frá LÍN. Þann kost búa fyrsta árs

nemar við í dag og lætur nærri að kostnaður við fjármögnun af þessu tagi yfir eitt misseri sé um 10% af lánsupphæð, þegar allur kostnaður er talinn.

Því er einnig vert í sambandi við þessa breytingu að velta fyrir sér því sem meirihluti nefndar menntamálaráðherra segir í greinargerð með frumvarpinu. Þar segir að styrkur ríkisins eftir breytingarnar felist meðal annars í vaxtaleysi lánanna á námstímanum. Mótsögnin í þessu tvennu er augljós og niðurstaðan er sú að það virðist síður en svo vera ætlun meirihluta nefndarmanna að standa við það sem í greinargerðinni segir. Lausnir þeirra felast allar í að velta vandanum yfir á námsmenn og hér með þeim afleiðingum að lánin skerðast í raun um 10%. Þetta hlutfall rennur til bankakerfisins í formi vaxta og annars kostnaðar, en ef af breytingunni verður þýðir það í raun að allt fjármagn til námsaðstoðar fer fyrst í gegnum bankakerfið og síðan í gegnum LÍN. Einnig er ljóst að þessi breyting breytir ekki neinu fyrir LÍN, öðru en því að möguleiki gefst á því að velta vandanum tímabundið á undan sér sem er ekki til þess fallið að leysa vanda.

Aukið valdframsal: Stjórn sjóðsins er í 6. gr. falið að ákvarða hvaða skilyrðum lántakendur og ábyrgðarmenn skuli fullnægja svo viðunandi teljist. Samkvæmt gildandi lögum nægir að einn aðili taki á sig sjálfskuldarábyrgð lánsins en í frumvarpinu er hins vegar gert ráð fyrir tveimur sjálfskuldarábyrgðarmönnum. Námsmannahreyfingarnar vara mjög við þessari breytingu, þar sem ljóst má vera að ef frumvarp þetta verður að lögum þá hefur slík grundvallarbreyting átt sér stað varðandi kjör og endurgreiðslur lánanna, að stór hópur námsmanna mun eiga erfitt með að afla sér tveggja ábyrgðarmanna. Ekki eru nein ákvæði í núgildandi lögum eða reglugerð um skilyrði sem lántekendur þurfi að fullnægja önnur en þau að vera í lánshæfu námi. Því hljóta námsmannahreyfingarnar að setja vissan fyrirvara varðandi ákvörðunarvald stjórnar á skilyrðum lántakenda þar sem óljóst er hvað við er átt og ekki verður séð þörfin fyrir að tiltaka nánar þau skilyrði sem um þetta fjalla og koma fram annars staðar í frumvarpinu.

Einnig deila námsmannahreyfingarnar á það sem fram kemur í frumvarpinu um vald stjórnar til ákvörðunar lántökugjalds.

Háskóli Íslands, háskólaráð: Þær kröfur sem nú eru gerðar um námsframvindu hafa mótast á löngum tíma með hliðsjón af raunverulegum aðstæðum. Ráðið telur því ekki æskilegt að gera róttækar breytingar í þessu efni. Í 6. og 7. gr. þykir orðalag of óákveðið: „tilskilda skólasókn“, „hæfilegur námstími“, „með eðlilegum hætti“, „eðlilegur tími“.

Háskólinn á Akureyri: Rétt er að veita heimild til lántökugjalda til þess að greiða rekstrarkostnað, en reyna engu að síður að halda slíkum kostnaði í algjöru lágmarki. Það orkar tvímælis að veita ekki námsaðstoð fyrr en sýnt hefur verið fram á námsárangur, t.d. ef veikindi ber að höndum.

7. gr.

Lán úr sjóðnum skulu verðtryggð. Verðtryggingin er miðuð við breytingar á lánskjaravísitölu Seðlabanka Íslands, sbr. lög nr. 13/1979. Reiknast verðtryggingin frá fyrsta degi næsta mánaðar eftir að lán er veitt, eða einstakir hlutar þess greiddir út, til fyrsta dags þess mánaðar er greiðsla fer fram.

Verði breyting á grundvelli lánskjaravísitölunnar eða við útreikning hennar skal þriggja manna nefnd ákveða hvornig vísitölur samkvæmt nýjum breyttum grundvelli skulu tengdar eldri vísitölum. Nefndin skal þannig skipuð að Seðlabanki Íslands tilnefnir einn mann, Hæstiréttur annan en hagstofustjóri skal vera formaður nefndarinnar.

Þegar nýtt skuldabréf er gefið út skulu eldri skuldabréf sameinuð þannig að á hverju nýju skuldabréfi komi fram upphæð heildarskuldar námsmanns eins og hún

er á útgáfudegi skuldabréfsins. Endurgreiðsla fer fram á grundvelli síðasta skuldabréfs sem námsmaður gefur út.

Lánstími námsláns skal vera fjórfaldur eðlilegur tími þess náms sem lánað er til og skal lánstími tilgreindur í skuldabréfi. Ljúki námsmaður ekki námi skal lánstími vera tvöfaldur eðlilegur námstími. Endurgreiðsla hefst ári eftir námslok. Sjóðstjórn skilgreinir hvað telja beri námslok og endurgreiðslutíma samkvæmt lögum þessum og úrskurðar um vafatilfelli.

Lán úr sjóðnum skulu bera 3% ársvexti af höfuðstól skuldarinnar. Vextir reiknast frá námslokum.

Samband ungra jafnaðarmanna: Leggja til að endurgreiðslur hefjist tveimur árum eftir námslok.

Nemendafélag Tækniskóla Íslands:

Lánstíminn er að okkar mati of stuttur. Fjórfaldur námstími, hvað er það? Meðalnám í Tækniskóla Íslands er um 4 ár. Miðað við það yrði lánstíminn þá 16 ár. Það er of stutt því að á þessum sama tíma er verið að sjá fyrir „dýrri“ fjölskyldu (ung börn) og greiða afborganir af húsnæðislánum. Ásættanlegt væri fyrir okkur að lánstíminn væri ekki styttri en sexfaldur námstími og væri þá meðallánstími hjá Tækniskólanemendum og öðrum háskólanemendum 24 ár sem er um helmingss stytting frá núverandi kerfi.

Vextir: Að setja vexti á námslán er mikill ábyrgðarhlutur. Við viljum ekki greiða niður óráðsú þeirra sem settu fyrri lög um sjóðinn. Við teljum að það að krefjast arðs af fjármagninu sé verið að nota þá peninga til þess að greiða niður vaxtakostnað af erlendum lántökum sjóðsins. Í framhaldi af þessu mætti spyrja, hvers vegna ekki bara loka sjóðnum og stofna nýjan líkt og gert var við húsnæðiskerfið?

Eins og fram kom í athugasemdum við 6. gr. gætum við samþykkt annað hvort þ.e. vexti eða lántökugjald og það í hóflegum mæli. Sú vaxtatala (3%) sem nefnd er í frumvarpinu er of mikil. Í mesta lagi væri hægt að sættast á 1% vexti.

Skólafélag Samvinnuháskólans:

Vextir: Í núgildandi námslánakerfi bera námslán ekki vexti en eru verðtryggð. Verðtrygging lánanna stuðlar að því að námsmenn greiða jafnvirði þeirrar upphæðar til baka og þeir fengu áður að láni. Vextir eru hins vegar í eðli sínu leigugjald til komið vegna þess að lánveitandi gerir kröfur til arðsemi þess fjármagns sem hann lætur af hendi til lántaka. Við teljum að hin sanna arðsemi þess fjármagns sem sett er í námsaðstoð muni seint endurspeglast í ársreikningum LÍN, heldur skilar þessi arðsemi sér beint út í íslenskt samfélag, því til eflingar í nútíð og framtíð.

Endurgreiðslutími: Nú er endurgreiðslufresturinn þrjú ár. Við bendum á að flestra námsmanna bíður að þurfa að koma sér þaki yfir höfuðið. Greiðslubyrði vegna húsnæðiskaupa er oftast mest fyrstu árin eftir að ráðist er í kaupin. Við viljum óbreyttan endurgreiðslufrest.

Stytting lánstíma: Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að lánstími verði fjórfaldur eðlilegur tími þess náms sem lánað er til, en tvöfaldur námstími sé námi ekki lokið. Þetta mun hafa í för með sér mun þyngri endurgreiðslur námslána og á fárra færi að efna til annarra skuldbindinga eða lána, s.s. húsnæðislána.

Skólafélag Samvinnuháskólans styður, að skuldabréf verði sameinuð jafnóðum í eitt skuldabréf, sem síðan sé greitt eftir.

Háskóli Íslands:

Tillit til námsframvindu (6. og 7. gr.): Skv. 2. og 3. mgr. 6. greinar er námsmanni heimilt að taka lán á námstíma en „þó ekki lengur en hæfilegur námstími er talinn í þeirri grein

og í þeim skóla þar sem nám er stundað. Námslán skal ekki veitt nema námsframvinda sé með **edlilegum hætti**." Þessi ákvæði eru óbreytt frá fyrri lögum og hafa verið túlkuð þannig í reglum sjóðsins að um sé að ræða raunverulegan námstíma og námsframvindu í viðkomandi námi en ekki námstíma eða námsframvindu sem miðað er við í skipulagi náms og birtist t.d. í kennsluskrám háskóla.

Því er þetta nefnt hér að í 4. mgr. 7. greinar segir á hinn bóginn í nýju ákvæði: „Lánstími námsláns skal vera fjórfaldur **edlilegur** tími þess náms sem lánað er til.“ Í greinargerð og fylgiskjölum með frv. kemur síðan fram að hér er átt við fyrrnefndan námstíma skv. **skipulagi náms**. Eins og áður er sagt væri það meiri háttar slys ef sú merking færðist með samanburði milli lagagreinanna yfir á sömu eða svipuð orð í 6. grein. Til að taka af allan vafa um þetta er hér lagt til að í stað orðanna „fjórfaldur edlilegur tími þess náms ...“ í 4. mgr. 7. greinar komi;

„fjórfaldur námstími skv. skipulagi þess náms ...“.

Vextir: Þegar verðtrygging námslána var tekin upp 1976 voru önnur lán í landinu yfirleitt ekki verðtryggð. Námsmönnum þóttu þetta því slæm kjör og verri en á öðrum lánum. Nú eru hins vegar nær öll lán verðtryggð og með háum vöxtum þannig að e.t.v. er ekki nein goðgá þótt einhverjir vextir séu teknir af námslánnum. Ekki er þó augljóst að þá eigi að binda vaxtaþrósentuna, heldur mætti t.d. hugsa sér að miða við ákveðið hlutfall ($\frac{1}{3}$ eða $\frac{1}{2}$) af tiltekinni prósentu sem gildir um lán á frjálsum markaði (t.d. vexti af ríkisskuldabréfum?). Einnig þarf að huga að því að vaxtaþrósentan sé ekki svo há að hún ofbjóði greiðslugetu lánþega. Af gögnum með frumvarpinu má ráða að talan 3% sé í hærra lagi frá því sjónarmiði, þannig að allnokkur hópur lánþega muni ekki einu sinni ná að greiða árlega vexti og horfa upp á vaxandi eftirstöðvar námslána allar götur fram á grafarbakkann. Vegna „þaksins“ í 3. mgr. 8. greinar er t.d. auðreiknað að námsmaður þarf að hafa 1500 þús. kr. í árstekjur þegar endurgreiðslur hefjast til að geta staðið undir vöxtunum einum af heildarláni sem þá væri 2 milljónir króna. Ef námsmaður kemur úr löngu námi, skuldar t.d. 4 milljónir króna og hefur 1500 þús. í árstekjur gerir hann heldur ekki betur en að standa undir vöxtunum eftir að þakið hækkar í 8% skv. 4. mgr. Þess konar bókhaldskúnstir geta varla talist geðfelldar og kunna m.a. að hafa óedlileg áhrif á skattamál einstaklinganna. Einlægara og hreinlegra virðist til dæmis að afskrifa hækkun höfuðstóls með vissu millibili, t.d. á 10 ára fresti.

Laganefndin virðist hafa hugsað sér að breyting frumvarpsins á lánakjörum muni leiða til mun minni spurnar eftir námslánnum. Þetta verður að teljast afar hæpin forsenda, m.a. í ljósi fyrri reynslu af breytingum í sömu átt. Námslán verða skv. frumvarpinu áfram meðal hagstæðustu lána í landinu. Því verður aðalreglan vafalaust sú að menn taka þau lán sem þeir eiga rétt á skv. reglum á hverjum tíma um námsframvindu, tekjur og fjölskylduaðstæður. Þeir sem ekki þurfa á lánunum að halda til framfæris munu t.d. sjá sé hag í að nota þau til að styrkja stöðu sína í húsnæðismálum sem er aukinheldur orðið mjög auðvelt með verðbréfamarkaði o.s.frv. **Einmitt af þessum sökum skiptir sköpum um skynsamlega nýtingu lána að úthlutun sé í sem bestu samræmi við raunverulega þörf hvers einstaklings fyrir aðstoð.**

Nemendafélag Proskabjálfskóla Íslands: Vextir af lánnum verða svo miklir að ekki tekst að klóra að neinu marki í höfuðstólinn. Þegar einstaklingurinn hefur náð 67 ára aldri er hann með hærri upphæð ógreidda en lánið hljóðaði upp á þegar það var tekið, sé miðað við fullt lán. Það er einmitt raunin hjá flestum nemendum þessa skóla.

Nemendafélag Kennaraháskóla Íslands: Í hinu almenna kennaranámi (B.ed.-nám) við Kennaraháskóla Íslands er stór hluti nemenda með barn eða börn á sínu framfæri. Þetta leiðir til þess að lán með tilliti til framfærslu barna er algeng. Bæði breytingar á endurgreiðslufresti úr þrem árum í eitt og vöxtum á námslánnum leiðir til þess að

greiðslubyrði lántaka eykst mjög mikið. Í útreikningi sem fylgir frumvarpinu og miðað er við framhaldsskólakennara í leiguhúsnæði með eitt barn á framfæri sem hefur verið þrjú ár í námi kemur þessi aukna greiðslubyrði fram. Námsmaðurinn skuldar við 67 ára aldur enn um 97.883 kr. eftir að hafa borgað stærsta hluta af starfsævi sinni um og yfir 130.000 kr. á ári í afborganir. (sbr. frumvarp, bls. 39). Þessar tölur segja ekki alla söguna því að námstíminn er rangt áætlaður. Bæði er B.A eða B.S nám a.m.k. þriggja ára nám og við það bætist eins árs nám í kennslu- og uppeldisfræði.

Þar sem reynt er að nota útreikning um framhaldsskólakennara til að varpa ljósi á kjör grunnskólakennara er vert að benda á að haustið 1993 verður almennt kennaranám lengt í fjögur ár, sem lengir þá lánstímann að sama skapi og eykur endurgreiðslubyrðina enn frekar.

BHMR:

Vextir: Námslán verði látin bera 3% vexti auk verðtryggingar en þau eru nú verðtryggð (9. gr.). Frumvarpið felur í sér miklar breytingar á endurgreiðslu námslána sem allt miðar að því að auka endurgreiðslurnar og tekjur LÍN. 3% raunvextir munu þyngja endurgreiðsluna talsvert enda þó lánin séu enn hagstæðari en velflest önnur opinber lánaþingreiðsla. Sé litið til þess að námsmenn eru í raun að bera hluta af samfélagsfjárfestingunni í menntun og þekkingaröflun verður ekki séð að þessi breyting eigi rétt á sér nema að á móti komi stórfelld hækkun launa menntamanna.

Lántökugjald verður tekið upp til að standa undir rekstri sjóðsins (6. gr.). Lántökugjald er í raun ekkert annað en sérstakir vextir fyrir greiðandann og gildir það sama um þetta gjald og það sem áður hefur verið sagt um vextina.

Endurgreiðsla námslána á að hefjast fyrr. Hún hefst nú eftir 3 ár frá því námi lýkur en skal hefjast eftir 1 ár frá námslokum (7. gr.). Þetta þýðir að námsmenn fá ekkert hlé að námi loknu eins og nú er á meðan þeir eru að leita sér atvinnu, finna húsnæði o.s.frv. Þessi flýting þýðir að kjör þeirra strax að námi loknu verða krappari en ella.

Lánstími verður stytur. Hann er nú 40 ár en verður fjórfaldur eðlilegur námstími í námsgreininni (7. gr.). Stytting lánstíma getur orðið veruleg af þessum sökum og það þýðir hraðari endurgreiðsla og minni samfélagsaðstoð til viðkomandi námsmanns. Í rauninni þýðir þetta þak á lánstíma og svo tekjutenging endurgreiðslunnar að tekjuhæsti hópurinn greiðir í flestum tilfellum hlutfallslega minna af tekjum sínum í nýja kerfinu.

Kennslustjóri og námsráðgjafi Kennaraháskóla Íslands: Í 7. gr. segir: „Lánstími námsláns skal vera fjórfaldur eðlilegur tími þess náms sem lánað er til... Endurgreiðsla hefst ári eftir námslok. Lán úr sjóðnum skulu bera 3% ársvexti af höfuðstóli skuldarinnar“. Fyrir verðandi grunnskólakennara eru þetta afar harðir kostir. Byrjendalaun grunnskólakennara eru í dag kr. 67.398 og eftir 18 ára starf eru þau kr. 82.788. Það þarf ekki að fara mörgum orðum um að það verður ekki fýsilegur kostur fyrir ungt fólk að fara í gegnum fjögurra ára háskólanám með þessum skilmálum.

Iðnnemasamband Íslands:

Vextir: Álagning raunvaxta á námslán er grundvallarstefnubreyting frá því sem verið hefur. Til þessa hefur verið litið svo á að framlag þjóðfélagsins til jafnra möguleika sem flestra til náms fælist m.a. í vaxtalausum námslánum. Jafnframt því sem vaxtaleysi námslána hefur gert fólki kleift að fara í nám sem ekki endilega skilar sér í mjög háum tekjum að námi loknu. Í þessu frumvarpi er lagt til að horfið verði frá þessari stefnu. Iðnnemasamband Íslands hafnar raunvöxtum á námslán. Að mati Iðnnemasambandsins munu þeir leiða til þess að ýmsar starfsstéttir lendi í verulegum greiðsluerfiðleikum með námslánin sín og verði jafnvel að greiða af þeim alla ævi. Reikna má með að vaxtataka af námslánum eigi eftir að koma verst niður á heilbrigðis- og uppeldisstéttum vegna þess

hvernig launakjörum þeirra er háttað. Iðnnemasambandið hefur m.a. áhyggjur af því að það muni leiða til þess að litlir möguleikar verði á því að ráða til starfa góða verknámskennara, en þeir geta flestir valið úr atvinnutækifærum úti á hinum almenna vinnumarkaði vegna þess að þeir eru góðir fagmenn.

Endurgreiðsla hefjist ári eftir námslok í stað þriggja. Þarna er um breytingu að ræða sem gengur of langt að mati Iðnnemasambandsins. Fyrir námsmenn er það skársti kosturinn að hafa þetta óbreytt. Iðnnemasambandið væri þó tilbúið að sætta sig við að endurgreiðslur hæfust tveimur árum eftir námslok svo framarlega sem námslok iðnnema væru skilgreind við sveinspróf en ekki þegar skólanámi lýkur.

ASÍ: Sú regla gildir í öllum viðskiptum almennra launamanna við lánastofnanir að þeir þurfa að greiða vexti af lánum. Það er eðlilegt að hóflegir vextir séu reiknaðir á námslán.

Samstarfsnefnd námsmannahreyfinganna:

Vextir: Samkvæmt núverandi námslánakerfi bera námslán ekki vexti en eru verðtryggð. Verðtrygging lánanna stuðlar að því að námsmenn greiða jafnvirði þeirrar upphæðar til baka og þeir fengu áður að láni. Öðru máli gegnir um vexti. Vextir eru í eðli sínu leigugjald til komið vegna þess að lánveitandi gerir kröfur til arðsemi þess fjármagns sem hann lætur af hendi til lántaka. Hér er ekki deilt á þá kröfu ríkisvaldsins að það geri vissar kröfur til arðsemi þess fjármagns sem varið er til námsaðstoðar. Sú krafa getur ekki talist annað en eðlileg. Reyndin er hins vegar sú að hin sanna arðsemi þess fjármagns sem sett er í námsaðstoð mun seint endurspeglast í ársreikningum LÍN heldur skilar þessi arðsemi sér beint út í íslenskt samfélag, því til eflingar í nútíð og framtíð. Ekki má gleyma því að námslán eru lán sem ætluð eru til framfærslu námsmanna. Um slík framfærslulán hljóta að gilda aðrar grundvallarforsendur en um lán sem ætluð eru til fjárfestinga. Þó má segja að í vissum skilningi megi telja námslán fjárfestingarlán þar sem verið er að fjárfesta í menntun og þekkingu. Sú fjárfesting skilar hins vegar ekki síður arði til samfélagsins en einstaklingsins. Allar hugmyndir um vexti á námslán fela í sér grundvallarstefnubreytingu frá þeim viðhorfum sem hingað til hafa gilt um námsaðstoð. Stefnubreytingu sem námsmannahreyfingarnar lýsa sig alfarið á móti.

Stytting greiðslufrests í eitt ár. Sá tími sem núverandi námslánakerfi gerir ráð fyrir að líði frá námslokum fram að því að endurgreiðslur hefjast er þrjú ár. Ástæðum þess má skipta í tvennt þó í raun sé í báðum tilfellum um að ræða greinar af sama meidi. Í fyrsta lagi bíður það flestra námsmanna þegar námi lýkur að þeir þurfa að koma sér þaki yfir höfuðið. Greiðslubyrði vegna fjárfestinga sem húsnæðis kaup útheimta er alltaf mest fyrstu árin eftir að ráðist er í kaupin. Ef greiðslufrestur á námslánnum er stytur úr þremur árum niður í eitt girðir það fyrir möguleika til húsnæðis kaupa þar til greiðslum af námslánnum er lokið. Þá situr fólk eftir með það, á miðjum aldri, að eiga eftir að koma sér upp þaki yfir höfuðið. Í öðru lagi tekur tíma að koma sér fyrir á vinnumarkaði eftir að námi lýkur. Sá tími sem það tekur er vitanlega mjög misjafn og er hann að mestu háður aðstæðum á vinnumarkaði hverju sinni, varðandi framboð og eftirspurn eftir menntuðu fólki. Einnig er það staðreynd að í flestum tilfellum byrja menn á lágum launum fyrst eftir að námi lýkur en með tímanum fara laun svo stighækkandi. Af framansögðu má ljóst vera að það er ógæfuspör að stytta greiðslufrest námslána niður í eitt ár þar sem slík framkvæmd er á skjön við raunveruleika á vinnumarkaði og þann raunveruleika sem núverandi húsnæðisakerfi býður fólki. Afleiðingar þeirrar aðgerðar gætu þ.a.l. orðið mjög afdrifaríkar fyrir mikinn þorra fólks er það lýkur námi.

Stytting lánstíma. Það kemur svolítið spáskt fyrir sjónir að settar séu reglur um lengd lánstíma, samhliða því sem tekjutengt þak er sett á endurgreiðslurnar. Þetta þýðir það í raun að slík viðmiðun vegur alltaf til lækkunar greiðslubyrði þannig að þeir sem hafa mjög háar tekjur og hafa ekki þurft á lánum að halda nema í stuttan tíma eru langt frá því að

greiða það hlutfall sem tekjutengda þakið gerir ráð fyrir. Við getum tekið dæmi af manni sem er í 5 ára laganámi. Hann á góða að og skuldar að loknu námi eina milljón króna. (Það þýðir fyrir einstakling í leiguhúsnæði u.þ.b. 5 annir á lánnum). Þessa einu milljón á hann samkvæmt frumvarpinu að greiða á 20 árum. Fjórðöldum námstíma. Hann greiðir því 50 þús. kr. á ári plús vexti. Ef þessi maður hefur 200 þús. kr. á mánuði eða 2,4 milljónir í árslauð er hér um að ræða rúm 2% af árstekjum í tuttugu ár. Þetta hlutfall lækkar síðan eftir því sem tekjurnar hækka. Samkvæmt nógildandi kerfi myndi maður þessi greiða 3,75% af tekjum til LÍN og klára að borga lánið upp á miklu styttri tíma á styttri tíma. Það er mjög erfitt að sjá réttlæti í því að þeir tekjuháa greiði lægra hlutfall af sínum tekjum í afborganir af námslánum en þeir tekjulágu. Þarna er gengið í þveröfuga átt við hugmyndir námsmanna.

Skuldabréf verði sameinuð jafnóðum í eitt skuldabréf sem síðan sé greitt eftir. Hér er fyrst og fremst um hagræðingaratriði að ræða sem kemur lánþegum til góða ekki síður en LÍN. Þó má það aldrei vera svo að þetta leiði til þess að skuldabréf sem gefin eru út og eru með ólíkum kjörum, hvað varðar t.d. endurgreiðslureglur og kjör, séu sameinuð.

Húsnæðisstofnun ríkisins: Áhrif fyrirhugaðra breytinga á lögum um Lánasjóð íslenskra námsmanna á íbúðakaup námsmanna að námi loknu. Ályktanir:

Möguleikar námsmanna til íbúðakaupa á hinum almenna markaði að námi loknu minnka. Helstu áhrifin stafa af styttri afborgunarlausu tímabili eftir námslok og af hækkun á árlegu endurgreiðsluhlutfalli. Að jafnaði yrðu möguleikar námsmanna til íbúðarakaupa um 10-30% minni en þeir eru í dag.

Umsóknum um félagslegar íbúðir mun líklega fjölga. Tekjumörk í félagslega íbúðakerfinu eru um 160-170 þúsund kr. á mán. fyrir 4ra manna fjölskyldu. Þó nokkur hluti námsmanna verður líklega innan tekjumarka að námi loknu.

Ásókn í almenna kaupleigukerfið mun líklega aukast. Biðlistar hjá húsnæðissamvinnufélögum, sbr. Búseta hf. munu líklega lengjast. Þetta stafar af því að fleiri munu væntanlega lenda yfir tekjumörkum í félagslega íbúðakerfinu án þess að geta lagt nauðsynlegt eigið fé til hliðar til kaupa á íbúðum á hinum almenna markaði.

BSRB: Stjórn BSRB varar við því hve mjög kostur námsfólks þrengist ef frumvarpið verður að lögum. Kemur þar einkum til að endurgreiðsluhlutfall er tvöfaldað og ríflega það, og greiðslubyrðin þar með hækkuð óhóflega. Endurgreiðslur hefjast ári eftir námslok í stað þriggja í nógildandi lögum. Fyrir bragðið er ungu fólki með meðaltekjur gert afar erfitt fyrir hvað varðar fjárhagslegar skuldbindingar meðan á endurgreiðslu námslána stendur, og lendir því fyrirsjáanlega í miklum vandræðum með að koma sér upp þaki yfir höfuðið að loknu námi.

Samkvæmt frumvarpinu bera námslán 3% vexti frá námslokum, en eru samkvæmt nógildandi lögum verðtryggð en vaxtalaus. Stjórn BSRB leggur áherslu á að námslán eru framfærslulán til handa námsfólki, og hljóta því aðrar forsendur að gilda um þau en fjárfestingalán. Þá er á það að líta að sú menntun sem námsfólk aflar sér kemur öllu þjóðfélaginu til góða.

BHM:

Vextir á námslán: Bandalag Háskólamanna leggst eindregið gegn því að vextir verði lagðir á námslán og tekur undir þau sjónarmið sem fram koma í greinargerð samstarfsnefndar námsmannahreyfingarinnar varðandi arðsemi þess fjármagns sem sett er í námsaðstoð.

Stytting greiðslufrests og stytting lánstíma: Þessar breytingar frá gildandi lögum munu koma sér mjög illa fyrir lánþega, þar sem afborganir af námslánum hefjast á meðan þeir eru að koma sér fyrir á vinnumarkaðinum og í mörgum tilfellum að koma sér upp húsnæði. Þessi breyting hefur einnig í för með sér léttari afborganir hjá lánþegum með háar tekjur

en lágar námsskuldur heldur en í gildandi kerfi eins og bent er á í greinargerð námsmanna. Þá má búast við að ýmis vafaatriði komi upp varðandi ákvörðun um námslok og hvenær námsmaður skuli teljast hættur í námi.

Nemendafélag Verkmenntaskóla Austurlands: Samkvæmt frumvarpinu er endurgreiðsluhlutfall rúmlega tvöfaldað og greiðslubyrði þar með hækkuð langt umfram það sem eðlilegt getur talist. Samhliða því er sá tími sem líða má frá námslokum þar til endurgreiðslur eiga að hefjast, stytur úr þrem árum í eitt. Þetta gerir það að verkum að ungu fólki er gert ókleift að standa í fjárhagslegum skuldbindingum meðan á endurgreiðslu námslána stendur. Þetta er hvað greinilegast þegar greiðslubyrðin er skoðuð í samhengi við húsbrefakerfið.

Háskólinn á Akureyri: Fulltrúar stúdenta í Háskólanefnd leggja áherslu á að þess sé gætt að þungi endurgreiðslna verði ekki jafn skjótur og gert er ráð fyrir í frumvarpinu.

8. gr.

Námslán skal endurgreitt með jöfnum greiðslum vaxta og afborgana, jafngreiðslulán, að viðbættum verðbótum samkvæmt lánskjaravísitölu.

Árleg endurgreiðsla ákvarðast í tvennu lagi. Annars vegar er föst greiðsla sem innheimt er á fyrri hluta ársins, óháð tekjum, og hins vegar viðbótargreiðsla sem innheimt er á síðari hluta ársins og er háð tekjum fyrra árs.

Fasta ársgreiðslan nemur fjórðungi ársgreiðslu skv. 1. mgr. en viðbótargreiðslan nemur eftirstöðvum ársgreiðslu skv. 1. mgr., þó þannig ákvörðuð að heildarársgreiðslan sé að hámarki 4% af útsvarsstofni næsta árs á undan endurgreiðsluári.

Ákvæði 3. mgr. gilda um afborganir af skuldabréfinu fyrstu fimm árin. Við næstu afborganir skal fastagreiðslan nema helmingi ársgreiðslu skv. 1. mgr. og heildarársgreiðslan nema að hámarki 8% af útsvarsstofni ársins á undan.

Það sem ekki greiðist af ársgreiðslu skv. 1. mgr. vegna ákvæða 3. og 4. mgr. um hámark árlegrar endurgreiðslu leggst við höfuðstól lánsins. Verði eitthvað ógreitt eftir að greitt hefur verið í fjórfaldan námstíma greiðir skuldari hámarksreiðslu skv. 4. mgr. þar til skuldin er að fullu greidd.

Óski lánþegi eftir því að greiða fulla ársgreiðslu skv. 1. mgr. skal hann tilkynna það skriflega til Lánasjóðs.

Skuldara ber á hverjum gjalddaga að greiða kostnað af innheimtu hverrar greiðslu.

Hundraðshlutinn, sem ákvarðar hámark árlegrar endurgreiðslu skv. 3. og 4. mgr., skal margfaldaður samkvæmt hlutfallslegri breytingu á lánskjaravísitölu frá 1. júlí á tekjuöflunarári til 1. júlí á endurgreiðsluári.

Stjórn sjóðsins er heimilt að veita undanþágu frá árlegri endurgreiðslu skv. 1. mgr., að hluta eða öllu leyti, ef skyndilegar og verulegar breytingar verða á högum skuldara, t.d. ef hann veikist alvarlega eða verður fyrir slysi er skerðir til muna ráðstöfunarfé hans og möguleika til að afla tekna. Stjórn sjóðsins er enn fremur heimilt að veita undanþágu frá ársgreiðslu skv. 1. mgr. ef nám, atvinnuleysi, veikindi, þungun, umönnun barna eða aðrar sambærilegar ástæður valda verulegum fjárhagsörðugleikum hjá lánþega eða fjölskyldu hans.

Skuldari, sem sækir um undanþágu skv. 7. mgr., skal leggja fyrir sjóðstjórn ítarlegar upplýsingar um eignir sínar, lífeyri og önnur atriði er stjórnin telur máli skipta.

Heimilt er að endurgreiða lán örur en mælt er fyrir í þessari grein.

Samband ungra jafnaðarmanna leggur til eftirfarandi breytingu:

„Endurgreiðslur verði háðar tekjum, og miðist við 4% af tekjum upp að ákveðnu hámarki, en 6% af tekjum umfram það, enda þyki sýnt að námsmaður geti greitt lánið upp á starfsævi sinni.“

Nemendafélag Tækniskóla Íslands: Hvers vegna verður alltaf að greiða aðeins tvær afborganir á ári? Við erum þess fullviss að ef afborganirnar væru fleiri á ári t.d. ársfjórðungslega líkt og á húsnæðislánnum myndi innheimtan vera mun betri og lánasjóðurinn fengi jafnara fjármagnsstreymi. Að hækka afborgunarprósenta úr 4% í 8% eftir 5 ár er of mikið stökk. Ekki treystum við okkur til þess að meta hver prósentan ætti að vera miðað við þann stutta tíma sem okkur er gefinn til endurgreiðslu. En miðað við þá útreikninga sem við höfum séð munu margar starfsstéttir sem þegið hafa lán ekki ná að greiða upp námslánið og hafa mikið fyrir því á þessum stutta lánstíma sem um er að ræða.

Háskóli Íslands: Óþarflega hægar endurgreiðslur að hluta (8. grein). Samkvæmt 8. grein er námsmanni sem hefur tekið eitt lán til þriggja ára náms ætlað að endurgreiða lánið á 12 árum. Á sömu leið fer um aðra sem hafa af einhverjum ástæðum, t.d. vegna tekna eða búsetu í foreldrahúsum, ekki tekið fullt lán á hverju ári: Ársgreiðsla þeirra verður miklu minni en þeir gætu auðveldlega greitt. Atriði sem þetta getur ráðið nokkru um það, hversu ört hið nýja kerfi gengur fram, og er þetta því enn eitt dæmið um það að hagsmuna Lánasjóðs og ríkissjóðs er ekki alltaf gætt sem skyldi í frumvarpinu.

Nemendafélag Proskapjálfskóla Íslands: Nemendur sem hyggja á framhaldsnám eru mjög tvístígandi. Þeir telja framhaldsnámið of dýru verði keypt. Einnig er ljóst að breyta yrði greiðsluformi á þann veg, að allt lánið yrði að greiða samkvæmt nýja kerfinu, í stað þess að borga eftir báðum. Vegna þess að samkvæmt núverandi kerfi eru borguð 3.75% af tekjum, en í því nýja 8% af tekjum, = 11,75%. Þetta á að sjálfsögðu við um þá sem lenda í báðum kerfunum, og flest okkar koma til með að borga fulla prósentu, vegna lágra launa. Okkur þykja stigskiptar endurgreiðslur, eins og námsmenn hafa þegar bent á, mikið raunhæfari kostur. Mikil hætta er á að nemendur snúi frá námi í miðjum klíðum og einnig er líklegt að færri nemendur muni sækja í greinina. Þetta er mjög alvarlegt mál þar sem skortur er á þroskapjálfum nú þegar. Þroskapjálfar eru láglaunastétt og munu ekki hafa aðgang að húsbrefakerfinu, ef hertar endurgreiðslur, eins og þær koma fram í frumvarpinu, koma til framkvæmda. Greiðslubyrði yrði of mikil og þroskapjálfar þyrftu að sækja um í félagslega kerfinu. Þolir félagslega kerfið aukna ásókn frá láglaunastéttum?

Fósturskóli Íslands: Hér með er bent á þá hættu sem aukin greiðslubyrði hefur í för með sér fyrir þá nemendur sem t.d. mennta sig í störf sem ekki eru vel launuð, s.s. kennarar, fóstrur, hjúkrunarfræðingar og þroskapjálfar. Nú þegar er mikill skortur á fólki í þessi störf. Hætt er við að umrædd breyting á námslánnum letji fólk til þess að afla sér þessarar mikilvægu starfsþjálfunar.

Nemendafélag Fósturskóla Íslands: Við teljum, að hertar endurgreiðslur og vextir á námslán muni leiða til þess að nemum í Fósturskóla Íslands fækki verulega. Hefur það óhjákvæmilega í för með sér aukinn skort á fagmenntuðu starfsfólki við leikskóla landsins og er þó síst á hann bætandi.

Iðnnemasamband Íslands: Fyrirkomulag endurgreiðslna. Iðnnemasambandið hafnar ekki þeirri hugmynd sem liggur að baki endurgreiðslufyrirkomulaginu í frumvarpinu, þ.e. að hafa fleiri en eitt endurgreiðsluhlutfall. Útfærslan á hugmyndinni er þó óaðgengileg. Það er ljóst að ef þessar hugmyndir verða að lögum þá er verið að margfalda greiðslubyrði námslána miðað við það sem nú er þegar endurgreiðslur fara að verða 8% af útsvarsstofni. Stökkið frá 4% og upp í 8% eftir að greitt hefur verið í 5 ár er of mikið. Það eru miklar líkur á því að á þeim tímapunkti þar sem breytir frá 4% upp í 8% standi mikið af því fólki sem er að borga af námslánunum sínum í íbúðarkaupum. Hin mikla greiðslubyrði námslána mun þá hæglega geta útilokað þetta fólk frá því að geta nýtt sér húsbrefakerfið, svo dæmi sé tekið. Í framhaldi af því hljóta að vera miklar líkur á því að álagið á félagslega íbúðarkerfið komi til með að aukast mikið á komandi árum. Iðnnemasambandið er einnig þeirrar skoðunar að þegar til lengri tíma sé litið muni þessi aukna greiðslubyrði koma fram í kröfum um hærri laun hjá þeim stéttum sem verið hafa á námslánunum. Einnig telur Iðnnemasambandið miklar líkur á því að þessi stóru aukna greiðslubyrði muni leiða til það mikilla greiðsluerfiðleika hjá þeim sem hafa þunga framfærslu og lágar heimilistekjur, s.s. einstæðir foreldrar, að ekki verði hjá því komist að greiða fyrir þeim með einhverjum opinberum aðgerðum þegar tímar líða og áhrif frumvarpsins eru komin fram á endurgreiðslurnar. Á 80 þúsund kr. tekjur á mánuði nemur greiðslubyrði námslána 9,4% af ráðstöfunartekjum, af 100 þúsundum 10%, af 120 þúsundum 10%, af 150 þúsundum 11% og af 200 þúsund króna tekjum á mánuði er greiðslubyrðin komin í 12% af ráðstöfunartekjum. Sú útfærsla sem Iðnnemasambandið hefði vilja sjá á hertum endurgreiðslum er sú sama er sett er fram í séráliti Samstarfsnefndar námsmannahreyfinganna, fylgiskjal 4. Þar er gert ráð fyrir því að hærri greiðslubyrði ráðist af ákveðnum tekjumörkum. Þ.e. að fólki sem sé með lágar tekjur t.d. 1200 þúsund kr. eða minna í tekjur greiði einungis 4% af útsvarsstofni af námslánunum. Þeir sem hafi hærri tekjur en það greiði þá 6% af tekjum umfram tekjumörkin. Það mætti jafnvel hugsa sér þriðja þrepið í 10% sem miðaðist við 3.600.000 í árstekjur. Iðnnemasambandið leggur áherslu á að það er algert lykilatriði að endurgreiðslurnar verði alltaf tekjutengdar.

ASÍ: Miðstjórn ASÍ leggur hins vegar þunga áherslu á að námslánakerfið á að vera tæki til að skapa jafnrétti til náms. Um þetta markmið ber að standa vörð. Miðstjórn telur að frumvarpið leggi til mjög miklar og harkalegar breytingar í einu skrefi og óttast að aðgerðirnar stangist á við markmiðið um jafnrétti til náms. Miðstjórn telur rétt að tekið sé tillit til tekna þannig að hlutfall endurgreiðslna hækki því aðeins að tekjur fari fram úr tilteknu marki. Þá er rétt að benda á að útsvarsstofn hefur verið aflagður í skattareglum og nauðsynlegt er að miða við einhverja einhlíta tekjustærð í sambandi við endurgreiðslur.

Leiklistarskóli Íslands: Endurgreiðslur þurfa að vera tekjutengdar og vaxtalausar, launakjör leikara eru því miður svo léleg að ekki er mögulegt að leggja mikla endurgreiðslubyrði á leikara en staðgóð menntun er hins vegar undirstaða þess að halda uppi öfluggu leikstarfi í leikhúsum landsins.

BSRB: Greiða skal af láni þar til það er fullgreitt, samkvæmt frumvarpinu. Hámark árlegrar endurgreiðslu verður 8% af útsvarsstofni ársins á undan endurgreiðsluári eftir fimm fyrstu árin (4% þar á undan). Þetta þýðir í raun að t.a.m. einstæðir foreldrar með miðlungstekjur greiða 8% gjald vegna þess arna alla starfsævina, en tekst þó varla að marka á skuld sinni við Lánasjóðinn. Stjórn BSRB telur slíka aukaskattheimtu óréttláta gagnvart lántakandanum, og auk þess þjóðhagslega óhagkvæma þar sem hún verkar letjandi á að ungt fólk leggi fyrir

sig nám.

Háskóli Íslands, háskólaráð: Háskólaráð bendir á að styrkja mætti fjárhag sjóðsins með því að þeir sem háar tekjur hafa en tekið hafa lág lán greiði lán sín hraðar upp en gert er ráð fyrir í 8. gr. Þetta gæti einnig verið notað til þess að lækka endurgreiðsluhámarkið (8%).

Háskólinn á Akureyri: Skynsamlegt virðist að efla Lánasjóð með því að gera hátekjufólki, sem þegið hefur tiltölulega lág lán, að greiða þau hraðar en mælt er fyrir um í lagafrumvarpinu.

9. gr.

Hverri endurgreiðslu skal skipt í höfuðstól, verðbætur og vexti. Höfuðstóll skuldarinnar breytist í hlutfalli við breytingar á vísitölu skv. 7. gr. frá grunnvísitölu til fyrsta gjalddaga og síðan í hlutfalli við breytingar á vísitölunni milli gjalddaga.

Skuldari skuldbindur sig til að greiða 3% ársvexti af höfuðstól skuldarinnar þegar hann hefur verið reiknaður út skv. 1. mgr. Vextir reiknast frá námslokum og greiðast eftir á á sömu gjalddögum og afborganir.

Endurgreiðslur eru aðfararhæfar án undangengins dóms eða sáttar ef um vanskil er að ræða. Sama gildir um eftirstöðvar skuldar sem felld er í gjalddaga skv. 11. gr.

Endurgreiðslur, sem falla í gjalddaga eftir að lánþegi andast, falla sjálfkrafa niður.

Háskóli Íslands, háskólaráð: Lagt er til að aftan við 9. gr. bætist ný málsgrein, svohljóðandi: „Endurgreiðslur falli niður við 67 ára aldur“. Það verður að telja sanngirnismál að fólk greiði ekki lengur af námslánum en sem almennum starfsaldri nemur. Varla mun sá hópur stór sem eftir á að greiða af lánum um 67 ára aldur og ætti það því ekki að verða sjóðnum mikill tekjumissir, en líklegast er að það séu þeir tekjulægstu sem um ræðir.

Háskólinn á Akureyri: Taka þarf af öll tvímæli um það að endurgreiðslur falli niður eftir að lánþegi hefur náð 67 ára aldri (sjá 9. gr.9).

11. gr.

Verði veruleg vanskil á endurgreiðslu námsláns skal stjórn sjóðsins heimilt að fella allt lánið í gjalddaga.

Sömu heimild hefur sjóðstjórn ef í ljós kemur að lánþegi hefur vantalið tekjur á framtali sínu.

Sú hækkun, sem verður á viðbótargreiðslu vegna endurskattlagningar lánþega, skal gjaldkræf þegar í stað og skulu reiknaðir af henni hæstu lögleyfðir dráttarvextir frá gjalddaga þeirrar viðbótargreiðslu sem hækkuð er.

Háskóli Íslands, háskólaráð: Varðandi 11. gr.: Skilgreina þyrfti nánar hugtakið „vanskil“. Mikilvægt er fyrir lántakendur að vita fyrirfram hverju varði ef vanskil verða og hversu lengi vanskil þurfa að hafa staðið.

12. gr.

Sé námsmanni vegna örorku sinnar, framfærslu barna sinna eða maka eða af öðrum ástæðum illmögulegt að dómi sjóðstjórnar að stunda nám sitt að fullnýtttri lánsheimild má veita honum aukalán úr sjóðnum enda verði höfð hliðsjón af þeim bóttum sem hann fær samkvæmt gildandi tryggingalöggjöf. Lán þessi eru veitt með sömu kjörum og almenn námslán.

Stjórn sjóðsins er heimilt að veita venjuleg skuldabréfalán sem séu verðtryggð og beri vexti sem eru sambærilegir við almenna útlánavexti banka á hverjum tíma. Vextir skulu reiknast frá útborgun láns. Lánstími skal að hámarki vera 10 ár. Stjórn sjóðsins setur nánari reglur um veitingu lána samkvæmt þessari málsgrein.

Skólafélag Samvinnuháskólans: Samvinnuháskólanemar telja það ekki vera hlutverk LÍN að veita lán með markaðsvöxtum.

BHMR: Skammtímalán (vixillán) LÍN verða afnumin (7. gr.). Þeirra í stað verða boðin lán á almennum markaðskjörum (12. gr.). Það hangir saman við þá skerðingu að afnema vixillánin sem veitt hafa verið í upphafi náms. Þessi lán hafa oft fleytt námsmönnum af stað í farsælu námi. BHMR telur þetta ranga stefnu. Og BHMR telur það ekki vera í verkahring LÍN að stunda almenna bankastarfsemi.

Iðnnemasamband Íslands: Stjórn sjóðsins verði heimilt að veita almenn skuldabréfalán. Þessi hugmynd verður ekki skilin nema hún sé skoðuð í samhengi við þá tillögu að námsmenn fái ekki námslán fyrr en þeir hafa sýnt fram á námsárangur. Svo virðist sem almenn skuldabréfalán frá LÍN séu m.a. hugsuð til þess að dekkja framfærslu námsmanna fram að því að þeir hafa lokið prófum. Iðnnemasambandið er á móti þessu á sömu forsendum og samtökin eru andvíg því að námslán verði einungis veitt eftir að sýnt hefur verið fram á námsárangur. Með þessu er einfaldlega verið að koma markaðsvöxtum á námslán og það bakdyramegin.

Samstarfsnefnd námsmannahreyfinganna: Námsmannahreyfingarnar telja það ekki vera hlutverk LÍN að veita lán með markaðsvöxtum.

Nemendafélag Verkmenntaskóla Austurlands: Einnig er athyglisvert að velta fyrir sér þeirri áherslu sem lagt er á að LÍN fái að veita almenn skuldabréfalán. Sú áhersla verður ekki skýrð með öðru en því að einhverjum hlutum kerfisins, eins og það er í dag, er ætlað að heyra undir slík lánakjör.

Háskólinn á Akureyri: Til greina kæmi að veita námslán á sömu kjörum og í dag en þó nokkuð lægri en nú er og gefa síðan fólki kost á viðbótarláni með markaðsvöxtum.

13. gr.

Stjórn sjóðsins er heimilt að ákveða að námsmenn frá Norðurlöndum, sem heimilisfastir eru á Íslandi og stunda nám hérlendis, hafi rétt til námslána samkvæmt lögum þessum með sama hætti og íslenskir námsmenn enda njóti þeir ekki aðstoðar frá heimalandi sínu.

Einnig er heimilt að láta ákvæði þessarar greinar taka til einstakra annarra erlendra ríkisborgara njóti íslenskir námsmenn sambærilegra réttinda í heimalandi þeirra.

Samstarfsnefnd námsmannahreyfinganna: Aukið valdframsal, sbr. 13. grein. Stjórn sjóðsins er falið vald til ákvörðunar varðandi lánsrétt erlendra ríkisborgara sem leggja stund á nám á Íslandi. Þetta vald var áður á hendi ráðherra.

15. gr.

Ráðstöfunarfé Lánasjóðs er:

1. Endurgreiðslur samkvæmt lögum þessum og vextir og afborganir af eldri námslánnum.
2. Ríkisframlag.
3. Lánsfé.

Árlegur rekstrarkostnaður sjóðsins greiðist af ráðstöfunarfé sjóðsins og með lántökugjöldum, sbr. 6. gr.

Stjórn sjóðsins skal árlega gera fjárhagsáætlanir fyrir sjóðinn á næsta alm-
anaksári með sama hætti og aðrar ríkisstofnanir.

Ársreikningar sjóðsins skulu samþykktir af sjóðstjórn og endurskoðaðir af Rík-
isendurskoðun. Þeir skulu birtir í Stjórnartíðindum.

Nemendafélag Tækniskóla Íslands: Eins og áður hefur komið fram í þessum athugasemdum höfum við bent á að lántökur sjóðsins á undanförunum árum er nú aðalástæða þeirra erfiðleika sem sjóðurinn stendur frammi fyrir í dag. Vegna þeirra staðreynda væri nauðsynlegt að takmarka lántökur hans og hafa þær helst engar. Við höfum einnig útskýrt afstöðu okkar til lántökugjaldanna og munu þau aldrei standa nema að litlu leyti undir rekstrarkostnaði sjóðsins.

16. gr.

Ráðherra er heimilt að setja með reglugerð frekari ákvæði um framkvæmd þessara laga.

Sjóðstjórn setur reglur um önnur atriði er greinir í lögum þessum og reglu-
gerð skv. 1. mgr. Stjórnin gefur árlega út þessar reglur sem skulu samþykktar af ráð-
herra.

Sjóðstjórn er heimilt, ef hagsmunasamtök námsmanna óska eftir, að draga fé-
lagsgjald frá láni enda komi ósk námsmanns þar að lútandi fram á lánsúmsókn.

Nemendafélag Tækniskóla Íslands: Við óttumst það mikla vald sem stjórn sjóðsins er veitt með lögum þessum. Viljum við festa meira í lög. Má þar nefna sérstaklega að best væri að telja upp þá skóla eða menntastofnanir sem teljast lánshæfar líkt og er í eldri lögum og reglugerðum tengdum þeim.

Skólafélag Samvinnuháskólans: Í frumvarpinu er að finna nokkur ákvæði sem fela í sér aukið valdaframsal til stjórnar LÍN. Það er að okkar viti stórvarasamt að fela stjórninni ákvörðunarvald í málum sem nú eru bundin í lög eða háð reglugerðarvaldi ráðherra. Um aukið valdaframsal til stjórnar vísum við í 2., 3., 6., 13. og 16. grein frumvarpsins. Augljós afleiðing af þessu er aukin óvissa námsmanna um sín kjör og óstöðugleiki til lengri tíma litið. Sem dæmi bendum við á að stjórn sjóðsins er heimilt, skv. frumvarpinu, að líta algjörlega framhjá öllu félagslegu tilliti við ákvörðun á framfærslu námsmanna og úthluta þar með öllum námsmönnum sömu lánsupphæð burtséð frá lögum.

Nemendafélag Kennaraháskóla Íslands: Í frumvarpinu er stjórn lánasjóðsins fengin í hendur miklu meiri völd, en hún hefur í dag sem eykur á óvissu námsmanna og leiðir til óstöðugleika, þegar til lengri tíma er litið. Svo dæmi sé tekið, þá er stjórn, skv. frumvarpinu, heimilt að líta algjörlega fram hjá öllu félagslegu tilliti við ákvörðun á framfærslu námsmanna sem óneitanlega setur t.d. námsmann í leiguhúsnaði og með barn á framfæri í mikla óvissu.

Samstarfsnefnd námsmannahreyfinganna: Aukið valdframsal, sbr. 16. grein. Í þessari grein er nú heimildarákvæði til handa ráðherra um setningu reglugerðar varðandi nánari útfærslu laganna. Í nágildandi lögum er þetta ákvæði skilyrt. Eins og fram kemur í greinargerðinni með frumvarpinu er markmiðið með þeim m.a. að minnka þörf fyrir setningu reglugerðar og auka í stað vald sjóðsstjórnar frá því sem nú er. (Sbr. einnig 4. tl. 5. gr. frumvarpsins.). Námsmannahreyfingarnar lýsa sig alfarið á móti þessari breytingu þar sem reynslan sýnir að þetta gæti leitt af sér aukinn hringlandahátt og þar með enn meiri óstöðugleika á kjörum námsmanna. Námsmannahreyfingarnar telja að hér sé stefnan sett í kolöfuga átt og í stað þess að stuðla að auknum stöðugleika með væntanlegri lagasetningu sé boðið heim stórhættu á hringlandahætti og auknum óstöðugleika.

Einnig er sjóðsstjórninni falið það vald sem ráðherra hafði áður um að heimilt sé, samkvæmt óskum hagsmunasamtaka námsmanna, að draga félagsgjöld frá láni námsmanns. Þó er vert að veita athygli því atriði að í frumvarpinu er sett það skilyrði fyrir þessu að óskir um frádrátt félagsgjalda komi fram á lánsúmsókn frá námsmanni. Ekki verður séð að með þessari breytingu vaki annað fyrir þeim sem að frumvarpinu standa en að ganga af þeim hagsmunasamtökum námsmanna dauðum sem hingað til hafa haft megintekjur sínar af þessum félagsgjöldum.

18. gr.

Ef skuldari samkvæmt lögum þessum er jafnframt að endurgreiða námslán samkvæmt lögum nr. 72/1982 eða eldri lögum getur hann annaðhvort greitt samkvæmt þeim lögum óháð og til viðbótar endurgreiðslum samkvæmt þessum lögum eða hann getur sameinað eldri skuld á skuldabréf sem hann gefur út samkvæmt þessum lögum og endurgreitt alla skuldina samkvæmt því, þó þannig að vextir reiknist eingöngu af lánum teknum samkvæmt þessum lögum.

Samband ungra jafnaðarmanna: Að tekjutillit taki til lánaskuldbindinga úr báðum kerfum, en réttindi úr gamla kerfinu haldist að öðru leyti óbreytt, fyrir þá sem taka lán úr báðum kerfum.

Háskóli Íslands, háskólaráð: Varðandi 18. gr.: Í greininni kemur ekki nægilega skýrt fram hvert fyrirkomulag á að vera á endurgreiðslum fyrir þá sem taka lán eftir eldri lögum og þeim nýrri. Hver telst t.a.m. endurgreiðslutími hins nýja láns ef lántakandi kys að greiða eldra lán óháð hinu nýja? Er ekki eðlilegt að hann sé fjórfaldur námstími sbr. 7. gr.? Hvort lánið greiðist á undan ef lántakandi kys að sameina lánin, hið vaxtalaus eða hið nýja sem ber vexti?

Háskólinn á Akureyri: Ákvæði um endurgreiðslur, þar sem svo háttar að greiðandi hefur tekið lán eftir bæði eldri lögum og nýrri, þyrftu að vera ögn skýrari en þau eru í umræddu frumvarpi.

Athugasemdir er varða aðrar breytingar frumvarpsins.

Námsstyrkir:

Skólafélag Samvinnuháskólans: Styrkir til íslensks námsfólks hafa ekki verið háir miðað við það sem þekkist í þeim löndum sem Íslendingar hafa helst viljað bera sig saman við.

Háskóli Íslands: Niðurfelling styrkja (22. grein laga). Í frumvarpinu eru felld niður öll ákvæði um styrki til námsmanna, en svokallaðir ferðastyrkir til námsmanna hafa fram að þessu skipt talsverðu máli fyrir námsmenn erlendis. Verður að gera ráð fyrir að almennum námsmönnum (á fyrstu árum náms) verði í staðinn lánað fyrir ferðakostnaði. Þetta kemur þó ekki beinlínis fram í gögnum með frumvarpinu, t.d. sem aukin fjárþörf sjóðsins til námslána. Um námsstyrki og aðstoð við námsmenn í löngu námi er hins vegar vísað með óljósum orðum greinargerðar á Vísindasjóð. Verkskipting milli Vísindasjóðs og Lánasjóðs hefur alloft komið til umræðu í stjórnnum sjóðanna og víðar á undanförunum tveimur áratugum. Menn hafa þó ævinlega komist að þeirri niðurstöðu að besta kosturinn fælist í því fyrirkomulagi sem nú gildir. Ríkissjóður afsalar sér þá ekki fyrirfram námsaðstoðinni til þessara aðila sem styrk, heldur ræðst það af heildarskuld námsmannsins að loknu námi og tekjum hans eftir það, hvort hann greiðir alla aðstoðina til baka eða ekki. Enn er þess að geta, ef menn vilja breyta lánnum í styrki fyrirfram, að spurnin eftir aðstoðinni mundi aukast talsvert og hvatningin minnka til að afla annarra styrkja hér heima og erlendis. Má þá hafa í huga að erlendir styrkir, t.d. frá háskólum, skipta nú mjög miklu í fjárhag íslenskra námsmanna sem stunda framhaldsnám erlendis. Menn eru því hvorki að sinna hagsmunum ríkissjóðs í nútíð né framtíð þegar þeir velja þessari breytingu fyrir sér. Hitt kann að vera æskilegt frá sjónarmiði allra aðila að Háskóla Íslands verði gert kleift að veita styrki til nemenda í framhaldsnámi, e.t.v. gegn því að þeir veittu hóflega aðstoð við kennslu eða rannsóknir svipað og tíðkast t.d. við bandaríska háskóla. En af þessu hlytist því aðeins sparnaður hjá Lánasjóði að í reglum hans sé tekið tillit til tekna námsmanna. Enn er því við að bæta varðandi Vísindasjóð að hann er allsendis vanbúinn að taka við því hlutverki að veita námsstyrki til langskólanáms, bæði að því er varðar fjárhag, þekkingu og aðstöðu. Rök fyrir því að fela honum þetta hlutverk í stað Lánasjóðs eru því afar vandfundin.

Rannsóknaráð ríkisins: Rannsóknaráð vill ekki taka afstöðu til almennrar forgangsstöðunar menntunar innan framhaldsskóla og háskólakerfisins né meta hver sé eðlilegur hlutur ríkisins í framfærslu námsfólks. Hins vegar vill ráðið taka undir áform menntamálaráðherra sem fram kemur í greinargerð með frumvarpinu (bls. 8, 6. málsg.) að Vísindasjóði verði gert kleift að veita styrki til námsmanna í vísindalegu sérnámi, (doktorsnám). Rannsóknaráð telur að þetta þurfi að gerast með sérstökum og auknum framlögum til Vísindasjóðs og styrkir veitast á samkeppnisgrundvelli eftir hæfileikamati og forgangsstöðun þekkingarsviða og doktorsverkefna. Þeir styrkir eiga ekki almennt að vera sjálfkrafa opnir öllum sem fara í doktorsnám, eins og Lánasjóðurinn hefur verið öllum námsmönnum að uppfylltum almennum skilyrðum.

BHMR: Námsstyrkir LÍN verða afnumdir (12. gr.) og því hlutverki vísað á Vísindasjóð. Ekki er úr háum söðli að falla í þessum efnum hjá LÍN en vissulega hefur þó munað um styrki sjóðsins. Það er hins vegar einkennilegt að vísa málinu á Vísindasjóð sem á fullt

í gangi með verkefni sín í dag. Verður varla dregin önnur ályktun en sú að annað tveggja eigi að afnema algerlega opinbera styrki til námsmanna eða farga þeim vísi að vísindastarfsemi sem stunduð er fyrir opinbert fé á Íslandi.

Samstarfsnefnd námsmannahreyfinganna: Felld verði niður öll ákvæði um námsstyrki en gert ráð fyrir að Vísindasjóður verði eflur til þess að veita námsstyrki. Þessi tillaga kemur mjög á óvart í ljósi þess að hún kallar á breyttar úthlutunarreglur Vísindasjóðs, en þar hefur ekki verið um auðugan garð að gresja fyrir námsfólk. Af gefnu tilefni má benda á það að í frumvarpi til fjárlaga er ekkert sem bendir til þess að auknu fjármagni verði varið í Vísindasjóð honum til eflingar, eins og þessi grein gerir ráð fyrir. Hér er þar af leiðandi verið að girða fyrir alla styrki til námsfólks og hafa þeir ekki verið háir hingað til, í samanburði við það sem þekkist í þeim löndum sem Íslendingar hafa helst viljað bera sig saman við.

Vísindaráð: Í frumvarpinu er ekki mótuð stefna um það hversu mikill stuðningur þjóðfélagsins við menntun ætti að vera. Hins vegar segir í greinargerð með því að stuðningur ríkis við menntun verði áfram nauðsynlegur og að hann verði veittur með vaxtaleysi á námstíma og eftirgjöf í markaðsvöxtum.

Vísindaráð telur stuðning ríkisins við menntun nauðsynlegan, en telur að stuðningur við námsmenn í formi hagstæðra lána sé að mörgu leyti óheppilegur þar sem kjörin til langs tíma eru ekki ljós og þar með staða lánþegans, eins og t.d. gagnvart húsnæðislánakerfinu. Vísindaráð telur að heppilegra væri að koma á blönduðu kerfi hreinna námsstyrkja annars vegar og námslána hins vegar, sem gætu verið á sambærilegum kjörum og t.d. húsnæðislán eða önnur lán í þjóðfélaginu. Slíkt fyrirkomulag er haft á hinum Norðurlöndunum og virðist gefast nokkuð vel. Þar skiptist stuðningur við námsmenn nokkurn veginn til helminga á milli styrkja og lána.

Í blönduðu stuðningskerfi styrkja og lána takmarkast eftirspurn af lánskjörum. Styrkhlutanum er unnt að stjórna á ýmsa vegu. Til dæmis mætti krefjast ákveðins árangurs í námi, hafa styrki misháa og mismarga eftir fögum og þörfum þjóðfélagsins fyrir menntun í einstökum greinum. Einnig væri unnt að tengja styrkuppþæð við tekjur maka eða foreldra eins og sums staðar er gert í nágrannalöndunum.

Í frumvarpi til laga um LÍN er gert ráð fyrir að allt nám sé lánshæft, einnig framhaldsnám doktorsnema. Í greinargerðinni er þess þó getið að menntamálaráðherra muni beita sér fyrir endurskoðun laga um Vísindasjóð í þeim tilgangi að hann geti veitt styrki til námsmanna í langskólanámi og til greiðslu skólagjalda. Bent er á að við það ætti þörf stúdenta í framhaldsnámi fyrir námslán að minnka. Ekki verður þó séð að breyting í þessa veru mundi draga úr útgjöldum ríkisins, þvert á móti myndu þau væntanlega aukast.

Vísindaráð telur mikilvægt að námsmenn í langskólanámi hafi aðgang að námsstyrkjum. Slíkum styrkjum mætti hæglega koma fyrir í nýju stuðningskerfi við námsmenn, sem byggði á samblandi styrkja og lána. Mikilvægt er þó að ekki verði sjálfsafgreiðsla á styrkjum til framhaldsnáms. Þá styrki ætti aðeins að veita hæfari námsmönnum að undanegnu faglegu mati. Á Norðurlöndum hafa góðir námsmenn í framhaldsnámi aðgang að ágætum styrktarsjóðum. Má í því sambandi nefna að Danir hafa nýverið eflt sinn sjóð á þessu sviði verulega til þess að efla samkeppnishæfni dansks hugvits og iðnaðar í harðnandi samkeppni. Í fylgiskjölum með því frumvarpi um LÍN segir að Danir veiti ekki styrki til rannsóknarnáms. Rétt þykir að benda á að þetta á aðeins við um þann almenna sjóð er styrkir fyrrihlutanám.

Í þessu samhengi þykir rétt að benda á að íslenskir námsmenn í framhaldsnámi í Danmörku og Svíþjóð hafa til skamms tíma getað sótt um styrki í námslandinu í faglegru samkeppni

við heimamenn. Þessir styrkir til Íslendinga hafa verið veittir vegna góðvildar nágrannahjóðanna í okkar garð, þrátt fyrir gamalt samkomulag Norðurlandanna um að hver þjóð skuli styrkja sína námsmenn, hvar sem þeir kunna að vera við nám á Norðurlöndum. Á síðustu misserum hefur borið á því að Íslendingum hefur verið neitað um styrk vegna þjóðernis. Ástæðurnar eru væntanlega aukinn fjöldi stúdenta og minna fé til skiptanna. Þessi þróun gefur enn eitt tilefni til þess að stuðningur við íslenska námsmenn í framhaldsnámi verði tekinn til endurskoðunar hér á landi.

Vísindaráð sér ekki sérstök rök fyrir því að styrkir til doktorsnáms verði felldir undir Vísindasjóð. Við það gæti skapast nokkur hættu á að takmarkað fé sjóðsins mundi skerðast, en það er einkum ætlað til styrktar vísindarannsóknnum. Vísindaráð úthlutar styrkjum úr Vísindasjóði að undangengnu faglegu mati á vísindalegu gildi verkefna og hæfni umsækjanda til að stunda rannsóknir. Eðli starfsemi Vísindaráðs og LÍN er því ólíkt. Starfsmenn Vísindaráðs eru aðeins tveir. Við núverandi aðstæður er ráðið því engan veginn í stakk búið til að taka að sér þá vinnu, sem felst í veitingu styrkja til stúdenta og eftirliti með framvindu námsárangurs.

Hlutverk Vísindasjóðs er að styrkja stofnanir og einstaklinga til ákveðinna rannsóknarverkefna og vísindalegrar sérþjálfunar. Sjóðurinn styrkir einnig rannsóknarstofnanir til kaupa á tækjum, ritum og öðru er til rannsókna þarf. Vísindasjóður hefur á undanförunum árum ekki styrkt námsmenn nema í undantekningartilvikum, enda ekki í verkahring hans. Vísindasjóður hefur gegnt mikilvægu hlutverki við eflingu íslenskra vísindarannsókna á undanförunum árum og hefur umsóknnum fjölgað jafnt og þétt. Nú er svo komið að styrkir úr sjóðnum eru ekki nema um þriðjungur þeirrar upphæðar, sem sótt er um hverju sinni. Mörgum góðum umsóknnum hefur orðið að hafna. Styrkir sjóðsins hafa í vaxandi mæli farið til ungra vísindamanna, sem eru að hasla sér völl á Íslandi að loknu doktorsnámi í útlöndum. Þannig hefur sjóðurinn reynt að koma í veg fyrir atgervisflóttu og stuðlað að því að menntun hinna ungu vísindamanna nýtist þjóðinni sem best. Þessa starfsemi sjóðsins þyrfti að efla með því að auka framlög ríkisins til Vísindasjóðs verulega.

Leiklistarskóli Íslands: Við teljum að námsstyrkjakerfi í tengslum við Lánasjóð ísl. námsmanna myndi verka sem mikil örvun fyrir námsmenn og vera hvatning til að leggja sig enn frekar fram í námi.

Háskóli Íslands, háskólaráð: Ráðið varpar fram þeirri spurningu hvort ekki sé rétt að einhver hluti ríkisframlagsins verði notaður í styrki, t.a.m. í framhaldsnámi eða til námsmanna í fögum þar sem skortur er á sérmenntuðu fólki.

BHM: Bandalag háskólamanna telur vel koma til greina að námsstyrkir verði framvegis veittir úr Vísindasjóði, en skilyrði fyrir því er að sjóðurinn verði eflður þannig að framlög hans til annarrar vísindastarfsemi verði í engu skert. Til greina kæmi í þessu sambandi að deildaskipta sjóðnum. Mjög mikilvægt er að frá þeim málum verði gengið jafnhliða afgreiðslu á frumvarpi um lánasjóðinn.

Háskólinn á Akureyri: Ábending frá Háskólaráði Háskóla Íslands þess efnis að e.t.v. mætti nýta nokkurn hluta ríkisframlags sem styrki, er allrar athygli verð.

Lífeyrissjóðsgreiðslur:

Skólafélag Samvinnuháskólans: Félagið styður að lífeyrissjóðsgreiðslur verði felldar niður.

ASÍ: Miðstjórn telur óskynsamlegt að fella niður lífeyrissjóðsgreiðslur lánþega. Aðild námsmanna að því velferðarkerfi sem lífeyrissjóðirnir fela í sér rökstudd með tilvísun til þess að ef námsmenn yrðu t.d. fyrir varanlegri örorku á meðan á námi stendur hefðu þeir ekkert öryggisnet. Krafa húsnæðiskerfisins til aðildar að lífeyrissjóði kom miklu seinna fram. Eðlilegra er að gera slíkar breytingar þegar löggjöf um tryggingar verður samræmd. Miðstjórn mótmælir þeirri röngu fullyrðingu sem fram kemur í greinargerð með frumvarpinu að lífeyrisréttindi í almennum lífeyrissjóðum séu hliðstæð þeim sem hægt er að kaupa á almennum markaði.

Samstarfsnefnd námsmannahreyfinganna: Felld verði niður ákvæði 3. gr. laga um LÍN varðandi lífeyrissjóðsgreiðslur. Þessi grein er m.a. miðuð við gamla húsnæðiskerfið þar sem lánshæfni samkvæmt því var bundin greiðslum í lífeyrissjóð yfir tiltekið tímabil. Þessi forsenda er ekki lengur til staðar en engu að síður snertir málið almenn lífeyrisréttindi námsmanna sem mörg hver eru ekki í boði í hinum frjálsu lífeyrissjóðum.

Háskólinn á Akureyri: Varðandi niðurfellingu ákvæðis um lífeyrissjóðsgreiðslur verður að ítreka að mikilvægt er að fólk haldi lífeyrisréttindum sínum þótt það fari utan til framhaldsnáms.

Ferðastyrkir:

Iðnnemasamband Íslands: Í nágildandi námslánakerfi eru ákvæði um að námsmenn sem stunda nám fjarri heimabyggð skuli fá ferðastyrki til ferða á milli heimilis og námsstaðar. Eins og gefur að skilja þá hafa þessir styrkir fyrst og fremst verið nýttir af námsmönnum í námi erlendis og námsmönnum utan af landi sem eru í námi í Reykjavík. Iðnnemasamband Íslands varpar fram þeirri spurningu hvort leggja eigi þessa ferðastyrki niður, og ef svo sé, hvort eitthvað á að koma í staðinn? Iðnnemasambandið leggur áherslu á að ferðastyrkjunum verði haldið inni. Þeir þjóna fyrst og fremst því hlutverki að jafna aðstöðumun á milli þeirra sem búa á námsstað og þeirra sem búa fjarri námsstað sem og að jafna aðstöðumun námsmanna til að leggja stund á nám erlendis án þess að það séu fjárhagslegar aðstæður sem ráði mestu um hverjum sé það kleift og hverjum ekki.